

LISTAHÁTÍÐ Í REYKJAVÍK

12. MAÍ – 2. JÚNÍ

www.listahatid.is

2006

Listahátíð í Reykjavík





ENNEEM / SIA / NM20230

Til ljóssins

Ad lucem

KB banki er bakhjarl Listahátíðar í Reykjavík

 **KB BANKI**
– leggur listinni lið



Síminn

Brasilíski danshópurinn

Grupo Corpo

í Borgarleikhúsinu 12. og 13. maí kl. 20
og 14. maí kl. 14.

Síminn er samstarfsaðili um sýningar Grupo Corpo.

Listahátíð í Reykjavík



Miðasala á www.listahatid.is

Einnig í Bankastræti 2 frá 2. maí

(sjá nánar bls. 65)

Sími: 552 8588

Fax: 562 2350

www.listahatid.is

www.artfest.is

Opið virka daga frá kl. 12 til 18 frá 2. maí

Laugardaga og sunnudaga frá kl. 12 til 16

Greiðslukortþjónusta

Miðasala á Galdraskyttuna og Umbreytingu –ljóð á

hreyfingu í Þjóðleikhúsinu í síma: 551 1200

Miðasala á I Fagiolini og Sköpunina eftir Haydn

í Kirkju- og menningarmiðstöðinni, Eskifirði í síma:

476 1742 og á eskkirkja@simnet.is

Miðasala á We are all Marlene Dietrich FOR hjá

Íslenska dansfloknum í síma: 568 8000 á www.id.is

Tickets on-line: www.artfest.is

Box Office at Travel Market

(see also page 65)

Bankastræti 2 / 101 Reykjavík

Opens May 2 at 12 a.m.

Tel: +354 552 8588

Fax: +354 562 2350

www.artfest.is

Credit cards accepted

Tickets for *Der Freischütz* and *Metamorphosis - Poetry in*

Motion, available at the National Theatre Box Office,

tel: +354 551 1200 and at www.leikhusid.is

Tickets for *We are all Marlene Dietrich FOR* available at

the Iceland Dance Company Box Office, tel: +354 568 8000

and at www.id.is

Tickets for *I Fagolini* and *Creation by Haydn* available at

The Church and Cultural Center, Eskifjörður,

tel: +354 476 1742 and at eskkirkja@simnet.is

Listahátíð í Reykjavík

Reykjavík Arts Festival

Skrifstofa / Office:

Lækjargata 3b

P.O. Box 88 / IS - 121

Reykjavík / Iceland

Sími / Tel: +354 561 2444

Fax: +354 562 2350

www.artfest.is eða/or www.listahatid.is

Listrænn stjórnandi: Þórunn Sigurðardóttir

Framkvæmdastjóri: Hrefna Haraldsdóttir

Kynningarstjóri: Guðrún Kristjánsdóttir

Verkefnisstjórar: Guðrún Norðfjörð

og Arnás Björk Ásgeirsdóttir

Fulltrúi: Heiðrún Harðardóttir

Tæknistjóri: Grímur Atlason

Endurskoðandi: Anna Kristín Traustadóttir

Lögfræðingur: Gunnar Jónsson, hrl.

Ritstjóri: Guðrún Kristjánsdóttir

Auglýsingastjóri: Gíslína Friðbjörnsdóttir

Ábyrgðarmaður: Hrefna Haraldsdóttir

Prófarkalestur: Halla Sverrisdóttir

og Vicky Cribb

Útlit Listahátíðar 2006: Jónsson og Le'macks

Prentun: Svansprent



Verndari

Ólafur Ragnar Grímsson

Forseti Íslands

Heiðursforseti

Vladimir Ashkenazy

Formaður fulltrúaráðs

Steinn Valdís Óskarsdóttir

borgarstjóri

Varaformaður fulltrúaráðs

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir

menntamálaráðherra

Stjórn Listahátíðar í Reykjavík

Halldór Guðmundsson *formaður*

Ingimundur Sigfússon *varaformaður*

Karólína Eiríksdóttir *meðstjórnandi*

Dagskráin er birt með fyrirvara um breytingar

Aðalsamstarfsaðilar



Samstarfsaðilar um einstaka viðburði



Aðrir samstarfsaðilar





Málið er í höfn

Samskip sjá til þess að sendingin þín skili sér alla leið
– hvert sem er um allan heim.

Samskip – Yfir lönd yfir höf.

SAMSKIP

Kjalarvogi • 104 Reykjavík • Sími 458 8000 • Fax 458 8100 • samskip.is



Velkomin á Listahátíð í Reykjavík – í fremstu röð

Ef unnt væri að meta lánshæfi Listahátíðar í Reykjavík á alþjóðlegum mælikvarða, rétt eins og bankanna, yrði matið áreiðanlega nokkuð hátt. Aðstandendum Listahátíðar þætti alls ekki nægjanlegur árangur að teljast meðal 100 fremstu listahátíða heims. Meðal þriggja fremstu hátíða á Norðurlöndum væri kannski ásættanlegt. Sem betur fer er ekki hægt að flokka listviðburði með þessum hætti og heldur ekki listahátíðir.

Það er heldur ekki markmið út af fyrir sig að skora hátt á alþjóðlegum gæðastaði, þótt það sé ánægjulegt þegar Listahátíð í Reykjavík er talin meðal fremstu – þó alls ekki stærstu – hátíða í Norður-Evrópu. Bent hefur verið á að Kaupmannahöfn, með sitt gríðarlega framboð af listviðburðum og afþreyingu, á enga listahátíð á borð við Listahátíð í Reykjavík og Osló ekki heldur.

Þegar hátíðin var tekin inn í alþjóðasamtök listahátíða fyrir nokkrum árum fékk hún öll atkvæði, eða um 90 fremstu hátíða í Evrópu, en aðeins örfáar norrænar hátíðir hafa fengið inngöngu. Samtökin gera miklar kröfur um gæði, djörfung, sjálfstæði, fjölbreytni og faglegan metnað hátíðanna og nota ýmsar leiðir til að meta stöðu – eða alþjóðlega samkeppnishæfni – hátíðanna, en samkeppnin er mikil á þessu sviði. Hvers vegna skyldu listamenn vilja koma til Íslands, sem á ekki ennþá gott tónleikahús, fremur en til stórborga þar sem allt er til alls? Er það náttúran ein sem dregur? Nei, listamaður sem tekur sig alvarlega vill ekki bara góðar ytri aðstæður, hann vill fyrst og síðast vera innan um fólk sem hefur áhuga og skilning á starfi hans. Það hefur verið gefa Listahátíðar frá upphafi og það hafa listamenn hennar í gegnum árin látið skýrt í ljós. Þess vegna erum við nú sem fyrr stolt af dagskránni – þar sem gæði, nýsköpun og fjölbreytni er í fyrirrúmi. Hver einasti listamaður er valinn úr miklum fjölda listamanna. Það er gaman að benda á stóran þátt íslenskra listamanna og listastofnana, sem frá upphafi hafa verið kjölfestan í Listahátíð. Einnig koma hingað stórir hópar frá framandi heimshlutum, sem sjaldan eiga hér listamenn í fremsta gæðaflokki, og auka enn á menningarflóru íslensks samfélags. Einstakt samstarf ríkis og borgar um Listahátíð er til fyrirmyndar og ein af ástæðum þess að hátíðin og uppbygging hennar hefur vakið athygli og jafnvel verið notuð sem fyrirmynd erlendis. Aukið vægi íslenskrar menningar í kynningu landsins og stóraukinn þáttur atvinnulífsins í uppbyggingu listalífsins gera enn nýjar kröfur til Listahátíðar þar sem starfsemi hennar verður tákun um annað og meira en röð listviðburða. Og fyrst og síðast er Listahátíð fyrir Íslendinga sjálfa – sem eins og allir vita vilja aðeins það besta.

Við hlökkum til að taka á móti ykkur öllum á Listahátíð í Reykjavík 2006.

Pórunn Sigurðardóttir
listrænn stjórnandi



Samstarf um Listahátíð fyrirmynd samstarfsins um nýja tónlistarhúsið

Sama dag og Listahátíð í Reykjavík 2006 verður sett opnum við sýningu á elsta mannvirki sem fundist hefur í borginni. Það eru veggjarbotr frá því um 870. Meðan fornleifafræðingar vinna við Landnámsskálann eru verktakar spottakorn frá með eilítið grófgerðari verkfæri að undirbúa byggingu Tónlistar- og ráðstefnuhúss við höfnina. Það eru mikil verðmæti fólgin í því að hafa þannig á lófastórum bletti menningarsögu þjóðarinnar allt frá upphafi, ekki bara til dagsins í dag heldur líka inn í framtíðina. Arfur þjóðarinnar er okkur mikilvægur. Hlutverk Listahátíðar er hvort tveggja í senn: að vera íslenski list lyftistöng, en ekki síður að kynna okkur það sem best er gert meðal annarra þjóða. Skilningur á menningararfi annarra þjóða verður okkur nefnilega sífellt mikilvægari, ekki bara til skilnings á heiminum sem við búum í, heldur ekki síður á okkar eigin fjölbjóðlega samfélagi. En sú þróun að Reykjavík er orðin hluti af alþjóðlegum menningarstraumum hefur líka orðið til þess að erlendir listamenn sækja okkur í sívaxandi mæli heim til að ná sér í innblástur til frekari stórvirkja, ekki síður en að flytja okkur þau. Þannig erum við jöfnum höndum að gefa heimsmenningunni og þiggja af henni. Listahátíð í Reykjavík á stóran hlut í því að íslenskt menningarlíf stendur undir því að vera gefandi, en ekki bara þiggjandi.

Listahátíðin í ár, sem er sú 20. í röðinni, er sérstaklega helguð tónlistinni. Það er skemmtilegt að þessa afmælishátíð skuli bera upp á þeim tíma þegar tónlistin á Íslandi er að eignast glæsilegt höfuðból til framtíðar, ekki síst í ljósi þess að Vladimir Ashkenazy var helsti hvatamaðurinn að stofnun hátíðarinnar árið 1970, en jafnframt er hann listrænn ráðgjafi Portúsal-hópsins, sem mun takast á við byggingu og rekstur nýja tónlistarhússins.

Samstarf borgar og ríkis um Listahátíð í Reykjavík hefur verið einkar farsælt í þau tæp 40 ár sem það hefur staðið og samstaða þessara aðila um hátíðina var að vissu leyti fyrirmynd samstarfsins um nýja tónlistarhúsið. Í báðum tilvikum ber samstarfið með sér metnað fyrir hönd menningar og lista í landinu. Þetta samstarf skapar þó eingöngu nauðsynlega innviði því auðvitað er það listafólkið og samspil þess við njóttendur sem myndar það hreyfiafl sem hvert samfélag sækir í listina.

Fyrir hönd fulltrúaráðs Listahátíðar í Reykjavík þakka ég því listafólki sem leyfir okkur að njóta krafta sinna í ár og býð gesti velkomna til lifa og njóta.

Steinunn Valdís Óskarsdóttir
borgarstjórnin í Reykjavík



Listahátíð í Reykjavík hefur ávallt staðið fyrir sínu

Það bregst ekki að „sumarið kemur yfir sæinn og sólskinið ljómar um bæinn“ þegar Listahátíð í Reykjavík hefur sinn margradda söng. Við tökum fagnandi á móti þessum lagvissa vorboða sem syngur í sálu okkar löngu eftir að daginn tekur að stytta á ný. Það skiptir fámenna þjóð miklu máli að taka menningarstraumum frá fjarlægum heimshornum opnum örnum og leggja um leið rækt við menningarleg sérkenni sín. Við Íslendingar sameinum þessa eiginleika, ekki síst fyrir tilstuðlan Listahátíðar í Reykjavík, sem hefur opnað augu okkar fyrir margbreytilegri flóru listamanna, jafnt heimsfrægra sem framandi. Að þessu sinni verður engin undantekning þar á og í ár verður tónlistin áberandi, enda það tungumál sem þekkir engin landamæri. Tónlistin hefur verið áberandi þáttur í dagskrá Listahátíðar í Reykjavík, allt frá stofnun hennar fyrir 36 árum. Nú er glæsilegt tónlistarhús í miðborg Reykjavíkur í sjónmáli, hús sem mun verða mikil lyftistöng fyrir allt tónlistarlíf hér á landi og skapa því veglega umgjörð.

Í ár verður einnig lögð áhersla á samstarf við menningarstofnanir tengdar fræðslu og rannsóknun. Landsbókasafnið, Þjóðminjasafnið, Háskóli Íslands, Listasafn Íslands og fleiri stofnanir munu gegna mikilvægu hlutverki á hátíðinni, líkt og þær gera í íslensku samfélagi. Hér á landi hefur ætíð verið lögð rík áhersla á sjálfstæði menningarstofnana í listrænum og menningarlegum eignum. Hlutverk ríkisins á þessu sviði er einkum að búa í haginn fyrir starf sem aðrir eiga frumkvæði að og stuðla að því eftir föngum að slíkt frumkvæði fái notið sín. Listsköpun bætir mannlífið og ýtir undir skapandi starf á öllum sviðum. Listin gagnrýnir og hvetur, hneykslar og hrifur og með virkri þátttöku er listin ótæmandi uppspretta og aflvaki í lífi hverrar þjóðar.

Gróskan í íslenski list og menningu hefur sjaldan eða aldrei verið meiri og enn sem fyrr er hátíðin stórvíðburður í íslensku menningarlífi sem endurspeglar metnað þjóðarinnar á svo mörgum sviðum. Listahátíð í Reykjavík hefur ávallt staðið fyrir sínu og af metnaði miðlað menningarstraumum og opnað okkur sýn til annarra átta. Mig langar sérstaklega að þakka starfsfólki Listahátíðar, með Þórunni Sigurðardóttur í broddi fylkingar, fyrir vönduð vinnubrögð og gott samstarf við menntamálaráðuneytið.

Stefnumót ólíkra menningarheima eru til þess fallin að eyða fordómum og auðga menningu okkar, ekki síst á okkar dögum.

Megi Listahátíð í Reykjavík byggja brýr og auðga andann.

Gleðilega Listahátíð.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir
menntamálaráðherra

Lista góðir salir – sögulegir fundir



Radisson SAS Hótel Saga státar af vel búnum ráðstefnu- og fundarsölum sem henta jafnt fyrir stóra sem minni viðburði og sérhæft starfsfólkið leggur sig í líma við að veita gestum úrvalspjónustu og veitingar við hæfi.

Auðvelt að **finna** Auðvelt að **nota** Auðvelt að **velja**

sales.saga.reykjavik@radissonsas.com

www.radissonsas.is

eða sláið á þráðinn – 525 9900

Radisson SAS
SAGA HOTEL, REYKJAVÍK

Dagatal og efnisyfirlit

12. MAÍ - 2. JÚNÍ

Föstudagur 12. maí

- 10 Setning Listahátíðar í Reykjavík í 20. sinn í Borgarleikhúsinu
- bein útsending í Sjónvarpinu kl. 17.30
- 10 Landnámsskálinn í Aðalstræti
Opnun sýningarinnar REYKJAVÍK 871 +/-2 kl. 19.00
- 28 Tvær yfirlitssýningar
Opnun í Listasafni Íslands kl. 20.00
- 18 Grupo Corpo - brasilískur danshópur
Fyrsta sýning í Borgarleikhúsinu kl. 20.00
Önnur sýning 13. maí og þriðja sýning 14. maí



MOTION TRIO

Laugardagur 13. maí

- 24 Landnámssætur Íslands
Opnun í Borgarnesi kl. 11.00
- 24 Mr. Skallagrímsson - leiksýning
Frum-sýning í Landnámssætri Íslands, Borgarnesi kl. 13.00
Hátíðarsýning kl. 20.00
(Þjá upplýsingar um fleiri sýningar á Mr. Skallagrímsson á www.listahatid.is)
- 10/30 Miðbær í myndum - Reykjavík í 100 ár
Opnun ljósmyndasýningar í miðbæ Reykjavíkur kl. 14.00
- 10 Herra Culbuto - veltibjalla
Lifandi leikfang í miðbæ Reykjavíkur kl. 15.00
- 30 Tvær myndlistarkonur
Opnun í SAFNI kl. 16.00
- 18 Grupo Corpo - brasilískur danshópur
Önnur sýning í Borgarleikhúsinu kl. 20.00
þriðja sýning 14 maí
- 16 Motion tríóið frá Kraká
Fyrri tónleikar í Nasa við Austurvöll kl. 21.00
Seinni tónleikar 14. maí
- 22 Miðnæturmúsík í Iðno
Sigurður Flosason og Sólrún Bragadóttir kl. 23.30
Aðrir og þriðju miðnæturtónleikar 21. og 28. maí

Sunnudagur 14. maí

- 12 Sunnudagsmorgnar með Schumann
Tónleikar í Ými kl. 11.00
Flytjendur: Miklós Dalmay og Helga Bryndís Magnúsdóttir
Aðrir og þriðju Shumanntónleikarnir 21. og 28. maí
- 28 Gæðingarnir;
í þeirri röð sem þeir birtast...
Opnun í Galleríi 100° og Nýlistasafni kl. 14.00
- 18 Grupo Corpo - brasilískur danshópur
Þriðja sýning í Borgarleikhúsinu kl. 14.00
- 20 Stefnumót við Pinter
Ráðstefna í Þjóðleikhúsinu kl. 14.00
- 32 Flugan á Listahátíð
Opnun sýningar í Þjóðminjasafni og Borgarbókasafni kl. 15.00
- 20 Umbreyting - Ljód á hreyfingu
Frum-sýning í Þjóðleikhúsinu kl. 17.00
- 16 Motion tríóið frá Kraká
Seinni tónleikar í Nasa við Austurvöll kl. 21.00

Mánudagur 15. maí

- 44 Danshátíð á Listahátíð
- Trans Danse Europe
Við erum öll Marlene Dietrich FOR
Í Borgarleikhúsinu kl. 20.00
Önnur og þriðja sýning 16. og 17. maí
OBSTRUCSONG og Hélium 27.maí
Magnolia 28. maí



STINA EKBLÁD

Þriðjudagur 16. maí

- 20 Norðurlandahraðlestin
Fyrri hluti leiklesturs í Borgarleikhúsi kl. 17.00
- 44 Danshátíð á Listahátíð
- Trans Danse Europe
Við erum öll Marlene Dietrich FOR
Danssýning í Borgarleikhúsinu kl. 20.00
Þriðja sýning 17. maí
OBSTRUCSONG og Hélium 27. maí
Magnolia 28. maí
- 49 A Prairie Home Companion - Útvarpsþátturinn
Skemmtidagskrá í Þjóðleikhúsinu kl. 20.00

Miðvikudagur 17. maí

- 20 Norðurlandahraðlestin
Seinni hluti leiklesturs í Borgarleikhúsinu kl. 17.00
- 56 Caput - Tár Diónýsusar
Frumflutningur í Háskólabíói kl. 19.30
- 44 Danshátíð á Listahátíð
- Trans Danse Europe
Við erum öll Marlene Dietrich FOR
Danssýning í Borgarleikhúsinu kl. 20.00
OBSTRUCSONG og Hélium 27. maí
Magnolia 28. maí



GRUPO CORPO

Fimmtudagur 18. maí

- 28 Konur og Finnbogi
Opnun sýningar í Galleríi i8 kl. 17.00
- 55 Myrkraverk og misindismenn
Dagskrá í Landsbókasafni / Háskólabókasafni kl. 20.00

Föstudagur 19. maí

- 61 Ráðstefna Norrænna tónverkamiðstöðva
Fyrirlestur með Paul Hoffert á Grand Hótelu kl. 10.00
- 46 Orðið tónlist - fjölljóðahátíð 2006
Tónleikar í Hafnarhúsi kl. 19.30

MIRIAM MAKEBA



Laugardagur 20. maí

- 45 Orðið tónlist - fjölljóðahátíð 2006
Workshop í Hafnarhúsi 20. maí kl. 14.00
- 40 La Strada - kvikmynd
Sýning í Kvikmyndasafni Íslands kl. 16.00
- 26 Búlgarski kvennakórinn Angelite
Fyrri tónleikar í Hallgrímskirkju kl. 16.00
Seinni tónleikar 21. maí
- 46 Orðið tónlist - fjölljóðahátíð 2006
Tónleikadagskrá í Hafnarhúsi kl. 20.30
- 34 Miriam Makeba, Grand finale
Stórtónleikar í Laugardalshöll kl. 21.00
- 22 Miðnæturmúsík í Iðnó
Benni Hemm Hemm og stórhljómsveit kl. 23.30
Þriðju miðnæturtónleikarnir 27. maí



Sunnudagur 21. maí

- 12 Sunnudagsmorgnar með Schumann
Tónleikar í Ými kl. 11.00
Flytjendur: Ástríður Alda Sigurðardóttir og Richard Simm
Þriðju Schumanntónleikarnir 28. maí
- 46 Orðið tónlist - fjölljóðahátíð 2006
Málþing í Hafnarhúsi kl. 14.00
- 26 Búlgarski kvennakórinn Angelite
Seinni tónleikar í Hallgrímskirkju kl. 16.00
- 40 La Strada - tónlist Nino Rota
Tónleikar í Hafnarborg, Hafnarfirði kl. 17.00
- 36 Kammersveit Reykjavíkur - Mozart 250 ár
Tónleikar í Langholtskirkju kl. 20.00
- 40 La Strada - kvikmynd
Sýning í Kvikmyndasafni Íslands kl. 20.00

Þriðjudagur 23. maí

- 62 Rússíbanatónleikar
í Íslensku óperunni kl. 20.00

Fimmtudagur 25. maí

- 61 Sense in Place / Site-Actions
Opnun sýningar í Viðey kl. 14.00
- 42 I Fagiolini L'Amfiparnaso
Fyrri sýning í Íslensku óperunni kl. 20.00
Seinni tónleikar 26. maí

Föstudagur 26. maí

- 42 I Fagiolini Masterclass
Í Íslensku óperunni kl. 11.00
- 42 I Fagiolini - L'Amfiparnaso
Seinni sýning í Íslensku óperunni kl. 17.00
- 38 Föðurlandið - Le Pays, frönsk ópera
Frumflutningur í portí Hafnarhússins kl. 20.00
Seinni sýning 27. maí



Laugardagur 27. maí

- 38 Föðurlandið - Le Pays, frönsk ópera
Seinni sýning í portí Hafnarhússins kl. 16.00
- 42 I Fagiolini Monteverdi: Brennandi hjarta
Tónleikar í Kirkju- og menningarmiðstöðinni, Eskifirði kl. 16.00
Síðari Monteverdi tónleikarnir í Íslensku óperunni 28. maí
- 44 Danshátíð á Listahátíð
- Trans Danse Europe
OBSTRUCSONG - í Borgarleikhúsinu kl. 17.00
Hélium kl. 20.00. Magnolia 28. maí
- 60 Sköpunin eftir Haydn á Eskifirði
Tónleikar í Kirkju- og menningarmiðstöðinni, Eskifirði kl. 20.00
- 44 Danshátíð á Listahátíð
- Trans Danse Europe
Hélium - í Borgarleikhúsinu kl. 20.00
Magnolia 28. maí
- 22 Miðnæturmúsík í Iðnó
Trío Björns Thoroddsen og Andrea Gylfadóttir kl. 23.30

Sunnudagur 28. maí

- 12 Sunnudagsmorgnar með Schumann
Tónleikar í Ými kl. 11.00
Flytjandi: Kristín Jónína Taylor
- 42 I Fagiolini - Monteverdi: Brennandi hjarta
Tónleikar í Íslensku óperunni kl. 17.00
- 44 Danshátíð á Listahátíð
- Trans Danse Europe
Magnolia - í Borgarleikhúsinu kl. 20.00
- 51 Mugison og hljómsveit
Tónleikar í Austurbæ kl. 21.00



Fimmtudagur 1. júní

- 61 Skyn(sam)leg rými - rými, list og umhverfi
Fyrri hluti ráðstefnu í Hafnarhúsi kl. 10.00
- 52 Anders Widmark og tríó flytja Carmen
Djasstónleikar í NASA við Austurvöll kl. 21.00

Föstudagur 2. júní

- 61 Skyn(sam)leg rými - rými, list og umhverfi
Seinni hluti ráðstefnu í Óskju Náttúrufræðahúsi HÍ kl. 09.00
- 60 Galdraskyttan - ópera
Frum sýning Sumaróperunnar í Þjóðleikhúsinu kl. 20.00
- 52 Anders Widmark og tríó flytja Carmen
Tónleikar í NASA við Austurvöll kl. 21.00



ANDERS WIDMARK

Glæsileg setning Listahátíðar í 20. sinn

Fornleifar og nýstárleg margmiðlunartækni
REYKJAVÍK 871 +/-2

Landnámsskálinn í Aðalstræti kl. 19.00

Landnámssýningin er ný sýning í miðbæ Reykjavíkur, sem opnuð verður síðar föstudageinum og liður í setningardagskrá Listahátíðar.

Á árunum 2001 - 2003 fór fram fornleifauppgröftur á lóðunum syðst við Aðalstræti og kom þar meðal annars í ljós skálarúst frá 10. öld og veggjarbrot sem er ennþá eldra, eða frá því fyrir 871 +/- 2, og af því er nafn sýningarinnar dregið.

Veggjarbrotið er elsta mannvirki sem fundist hefur í Reykjavík og talið vera frá þeim tíma er menn settust hér fyrst að. Ofan á veggjarbrotinu liggur öskulag úr eldgosi sem varð á Torfajökulssvæðinu um 871 sem tekist hefur að aldursgreina svo nákvæmlega með greiningu á borkjörnum úr Grænlandsjökli.

Það er því ljóst að búið var að reisa vegginn áður en þetta öskulag féll, en hversu löngu áður er ekki hægt að segja til um.

Rústin og veggjarbrotið eru varðveitt í nýjum sýningarsal á horni Aðalstrætis og Túngötu. Þar verða einnig sýndir ýmsir munir sem fundust við uppgröft á þessu svæði.

Með aðferðum fornleifafræðinnar má lesa úr minjunum miklar upplýsingar um allar aðstæður í Reykjavík fyrstu aldirnar.

Þessu verða gerð skil með nýstárlegri margmiðlunartækni þar sem gestir geta aflað sér fróðleiks og þekkingar sem byggir á nýjustu rannsóknunum fræðimanna. Við opnun Landnámsskála mun sönghópurinn Voces Thules syngja nýjar útsetningar á miðaldalögum sem mörg hver eru fengin úr gömlum íslenskum handritum en söngtextinn er byggður á textum úr Sturlungu.

Sýningin verður opin daglega frá kl. 10-17.

Tvær yfirlitssýningar

Listasafn Íslands kl. 20.00

Tvær yfirlitssýningar á verkum íslenskra samtímalistamanna sem hafa verið virkir í íslenski myndlist í tæpa þrjá áratugi opnar í Listasafni Íslands. Listamennirnir sem þar sýna verk eru Steingrímur Eyfjörð og Birgir Andrésson (*sjá nánar bls. 28*).

Laugardagur 13. maí

Ljósmyndaveisla í miðbænum

Miðbær kl. 14.00

Í tilefni af 25 ára afmæli Ljósmyndasafns Reykjavíkur býður safnið almenningi til sannkallaðrar ljósmyndaveislu á strætum og torgum höfuðborgarinnar.

Úrvali ljósmynda sem sýna götummyndir og mannlíf í miðbæ Reykjavíkur á u.þ.b. 100 ára tímabili verður komið fyrir á Lækjartorgi, Austurvelli og í Fógetagarði (*sjá nánar bls. 30*)

Lifandi leikfang í miðbænum

Miðbær kl. 15.00

Herra Culbuto er franskur götulistamaður, sem hefur komið fram yfir 400 sinnum í 16 löndum. Hann er lifandi leikfang sem bíður þess að einhver komi og leiki við sig. Það má draga hann um strætin og skilja hann eftir þar til einhver annar tekur við. Innst inni er honum alveg sama, það er komið að þér, hann er leikfang sem er upp á þína náð komið.

Opening Ceremony

Friday May 12

Festival opened by the Mayor of Reykjavík, Steinunn Valdís Óskarsdóttir. The opening ceremony will feature performances by festival artists such as the Motion Trio from Cracow, the French street artist Mr. Culbuto and the Brazilian dance company Grupo Corpo, as well as the talented young Icelandic mezzo-soprano Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir and Spanish guitarist F. J. Jáuregui who will premier a new piece by Þorkell Sigurbjörnsson.

Þorkell Sigurbjörnsson is one of Iceland's most prolific and distinguished composers. He has written numerous works for orchestra, chamber works, concertos, a children's opera, a chamber opera, solo pieces, electronic music and a number of songs and is known for his brilliant touch in writing choral works, secular as well as sacred.

The Opening Ceremony will be broadcast live on National Television, RÚV.

Venue: Reykjavik City Theatre

Time: 5.30 pm

The Settlement Exhibition. The opening of an exhibition based on archaeological finds in Reykjavik, well-preserved ruins of houses from the 10th century, and objects and remains of human habitation believed to date from the 9th-century settlement of Reykjavik.

At the opening the mens choral group Voces Thules will perform some of their new arrangements of songs based on music from old manuscripts and texts from the Icelandic saga of the Sturlungar clan. The group has received acclaim for its interpretation of music from the Middle Ages ever since its first performance in 1992.

The exhibition will be open to the public daily from 10 am to 5 pm.

Venue: The Settlement House

Time: 7 pm

National Gallery of Iceland features work of two contemporary Icelandic artists; Birgir Andrésson and Steingrímur Eyfjörð, who have been active for almost three decades (see more info page 28).

Venue: National Gallery of Iceland

Time: 8 pm

Reykjavik City Centre

Saturday May 13

City Centre Images – A Century of Reykjavik. On the occasion of the Reykjavik Museum of Photography's 25th anniversary, the museum invites the public to a grand photographic celebration on the streets and squares of the capital (see more info page 30).

Time: May 2 pm

The French street artist Mr. Culbuto is a veteran of over four hundred performances in sixteen countries. He is a living toy, impatiently waiting for someone to play with him. He is dragged through the streets and dropped somewhere for a few minutes. Deep down he doesn't care. Magically, he moves. Now it's your turn, he's a toy at your mercy.

Time: 3 pm



Herra Culbuto bíður þess að einhver komi og leiki við sig.

Föstudagur 12. maí

Setning Listahátíðar

Borgarleikhúsið kl. 17.30

Formaður fulltrúaráðs Listahátíðar, Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri, setur hátíðina. Við þetta tækifæri koma fram nokkrir listamenn hátíðarinnar; Motion tríóið frá Kraká, sem leikur sína ómótstæðilega tónlist á þrjár harmónikkur, dansarar úr brasilíska danshópunum Grupo Corpo stíga dans og hin glæsilega unga mezzósópransöngkona Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir frumflytur tónverk eftir Þorkell Sigurbjörnsson.

Guðrún Jóhanna var einn af „tónlistarmönnum 21. aldarinnar“, sem kynntir voru til leiks á Listahátíð árið 2000, þá enn við nám. Nú er hún fulltrúi fjölmargra íslenskra listamanna sem hafa haslað sér völl erlendis.

Hún hefur unnið til verðlauna í fimm alþjóðlegum söngkeppnum, þar á meðal Ljóðasöngsverðlaunin í hinni virtu Kathleen Ferrier söngkeppni í Wigmore Hall í London. Guðrún kemur reglulega fram sem ljóðasöngkona, með píanó, gítar eða kammerhópum. Hún

hefur frumflutt ýmis verk eftir íslensk og erlend tónskáld, sem sum hver hafa samið sérstaklega fyrir hana. Með Guðrúnu leikur spænski gítarleikarinn F. J. Jáuregui sem auk þess að koma reglulega fram á tónleikum víða um heim kennir












klassískan gítarleik við St. Louis University í Madrid, þar sem hann er yfirmaður tónlistardeildarinnar.

Þorkell Sigurbjörnsson hefur samið þrjú stutt lög fyrir Guðrúnu við ljóð eftir Jón úr Vör en Þorkell var einmitt framkvæmdastjóri einnar fyrstu Listahátíðarinnar og því vel við hæfi að frumflutt sé tónlist eftir hann þegar Listahátíð er sett í 20. sinn.

Þorkell er eitt afkastamesta tónskáld Íslendinga og á ferilskrá hans kennir ýmissa grasa. Þar má finna fjölda hljómsveitarverka, kammerverk fyrir flestar hugsanlegar samsetningar hljóðfæra, einleikskonsertra, barnaóperu, kammeróperu, einleiksverk og raf- og tölvutónlist.

Þorkell hefur einnig samið mikið fyrir kór, bæði veraldlega og kirkjulega tónlist, og fjölda einsöngslaga. Auk þess má gera ráð fyrir að franska veltibjallan Herra Culbuto verði á þvælingi í tilefni af setningunni.

Setningin verður í beinni útsetningu í Sjónvarpinu.




Voces Thules syngur við vígslu Landnámsskálans.

VELGENGNI ER AÐ GLÍMA VIÐ VERKEFNI – OG FINNA LAUSNINA

Sú tilfinning sem fylgir því að ljúka verkefni á farsælan hátt – stóru eða smáu, krefjandi eða auðveldu – er engu lík.

Glitnir er á heimavelli á sviði fjármála og þar býr bankinn að langri reynslu. Okkur þykir fátt jafn gefandi og að finna snjalla lausn á flóknu úrlausnarefni. Lausn sem skilar viðskiptavinum okkar ávinningi.

**FJÁRHAGSLEG VELGENGNI ÞÍN
ER OKKAR VERKEFNI**



GLITNIR

Rómantísk tónlist í sinni tærustu mynd

Sunnudagsmorgnar með Schumann

Ýmir, tónlistarhús

14., 21. og 28. maí kl. 11.00

Miðaverð: 2.300 kr.

Í ár er hálf önnur öld liðin frá því að tónsmiðurinn Robert Schumann lést á sjúkrastofnun nálægt Bonn í Þýskalandi, aðeins 46 ára að aldri. Hann var einn af helstu merkisberum rómantísku stefnunnar í Þýskalandi og hafði mikil áhrif á næstu kynslóðir tónskálda. Píanóverk hans, sem flest urðu til á fjórða áratug nítjándu aldar, eru rammgerður minnisvarði um rómantíska tónlist í sinni tærustu mynd, þar sem óbeislað hugmyndaflug, næm tilfinning fyrir formi og örvandi áhrif frá öðrum listgreinum, sér í lagi bókmenntum, mynda einstæða heild.

Í tilefni af tímamótunum munu fimm íslenskir píanóleikarar í fremstu röð leika sex af þekktustu píanóverkum Schumanns á þrennum tónleikum í tónlistarhúsinu Ými á Listahátíð í Reykjavík í vor. Tónleikarnir fara fram á sunnudagsmorgnum kl. 11. Auk píanóverka Schumanns verður tónleikagestum boðið að skyggjast inn í hugarheim tónskáldsins og eiginkonu hans, píanósnillingsins Clöru Wieck Schumann. Samband þeirra er ein af fallegustu ástarsögum tónlistarsögunnar og verður hún sögð á tónleikunum í gegnum dagbókarfærslur og bréf þeirra hjóna. Umsjón: Halldór Hauksson.

Tónleikar I

14. maí kl. 11.00

Fyrstu kynni og tilhugalíf

Haustið 1830 kynnist hinn upprennandi tónsmiður, tvítugur að aldri, tilvonandi eiginkonu sinni, Clöru, undrabarni í píanóleik, á heimili píanókennara síns og föður hennar, Ferdinands Wiecks. Þrátt fyrir níu ára aldursmun verða þau góðir vinir og með tímanum breytist vináttan í ást, þvert á vilja föðursins.

Davidsbündlertänze ópus 6 (1837)

Flytjandi: Miklós Dalmay

Schumann sker upp herör gegn hinu yfirborðskennda og innihaldsrýra í tónlistinni. Í huga hans verður til fylking persóna, með raunverulegar fyrirmyndir að meira eða minna leyti, sem barðist við hlið hans undir merki Davíðs konungs gegn hinum skammsýnu filisteum samtímans. Í Dönsnum Davíðsbandalagsins lifnar þessi heillandi herfylking við.

Carnaval (Scènes mignonnes sur quatre notes) ópus 9 (1834-35)

Flytjandi: Helga Bryndís Magnúsdóttir

Carnaval er stórkostlegt grimuball í tónum þar sem ímyndaðar og raunverulegar persónur streyma framhjá áheyrandanum í hnitmiðuðum og innblásnum portrettum Schumanns. Tónsnillingunum Chopin og Paganini bregður fyrir, en einnig Clöru og tveimur hliðum sjálfsmýndar tónskáldsins, hinum hvatvísa Florestan og hinum dreymandi Eusebíusi. Í lokin sameinast menn Davíðs á ný og hrekja filisteana á flóttu.

Tónleikar II

21. maí kl. 11.00

Dómsmál og brúðkaup

Ferdinand Wieck getur ekki sætt sig við samband Roberts og Clöru og gerir allt sem í hans valdi stendur til að skilja þau að. Elskendurnir sjá ekki annan kost en að fara með mál sitt fyrir dómstóla til að knýja fram leyfi til að giftast. Réttarhöldin dragast á langinn og Wieck notar hvert tækifæri til að rægja fyrrum nemanda sinn. Honum tekst þó ekki að færa sönnur á mál sitt og þann 12. september 1840, daginn fyrir 21 árs afmæli Clöru, gengur Robert loks að eiga hana.

Sinfónískar etýður ópus 13 (1834-37)

Tilbrigði gefin út 1873

Flytjandi: Ástríður Alda Sigurðardóttir

Með Sinfónísku etýðunum sýndi Schumann fram á að tilbrigðaformið gæti verið annað og meira en ramma utan um leiktækniskrautsýningar. Hinar völdugu og tæknilega krefjandi etýður eru röð hugvitssamlega saminnna tilbrigða við stef eftir föður stúlku sem Schumann var í tygjum við um tíma. Schumann dró nokkur tilbrigða sinna til baka áður en verkið var prentað. Fimm þessara tilbrigða voru síðar gefin út af Johannesi Brahms.

Fantasiestücke ópus 12 (1837)

Flytjandi: Richard Simm

Þetta safn átta fantasía er frábært dæmi um einkar frjótt samspil bókmennta og tónlistar í verkum Roberts Schumanns. Hér sækir hann í fyrsta sinn innblástur í litríkan hugarheim rithöfundarins E.T.A. Hoffmanns.

Tónleikar III

28. maí kl. 11.00

Samlíf og dauði

Í kjölfar gleði og feginleika hveitibraudsdaganna fylgja annir hvunn dagsins. Clara og Robert njóta þess að leika saman fjórhent á píanó og skoða saman tónlist af ýmsu tagi, en oft reynist erfitt að sameina umfangsmikinn píanóferil hennar og tónsmíðastarf hans. Hjónin búa í Leipzig, Dresden og Düsseldorf og eignast átta börn á þrettán árum. Með árunum hrakar geðheilsu Schumanns og í febrúar 1854 reynir hann að fremja sjálfsmorð með því að kasta sér í ána Rín. Síðustu tvö ár ævi sinnar dvelur hann á hæli í Enderich nálægt Bonn. Clöru er meinad að heimsækja hann og hún sér hann ekki aftur fyrr en tveimur dögum fyrir andlát hans, 29. júlí 1856.

Fantasia í C-dúr ópus 17 (1836-38)

Flytjandi: Kristín Jónína Taylor

Í C-dúr fantasíunni renna listin og lífið saman í eitt, eins og svo oft hjá Schumann. Þetta verk, sem líta má á sem nokkurs konar sönötu í frjálsu formi, er þrungid af hugsunum tónskáldsins um Clöru og tilfinningum til hennar frá fyrstu til síðustu nótu. Tónlistarsjálfi Schumanns, Florestan og Eusebius, skiptast á að syngja tjáningarfulla söngva til hinnar ungu unnustu.

Kreisleriana ópus 16 (1838)

Flytjandi: Kristín Jónína Taylor

Schumann sagðist aðeins hafa verið fjóra daga að semja þessar átta óviðjafnanlegu fantasíur. Hann tileinkaði þær Frédéric Chopin, en þó er verkið enn ein ástarjátningin til Clöru. Aftur kastar Schumann sér út í kynjaheim E.T.A. Hoffmanns og finnur þar sögupersónuna sem verkið dregur nafn sitt af, tónlistarmanninn Johannes Kreisler. Þeir Schumann eiga það sameiginlegt að hendast sífellt á milli örvæntingar og ánægju og þessar miklu skapsveiflur fá hljómgrunn í tónlistinni.

Overseed by: Halldór Hauksson.

This project Sunday Matinée with Schumann, commemorates the 150th anniversary of the great composer Robert Schumann's death in an asylum near Bonn in Germany at the age of forty-six. To honour Schumann's legacy, five excellent Icelandic pianists will perform some of his greatest works at three recitals. The audience will also get to know Schumann, the man, and his wife, the great pianist Clara Wieck Schumann, through their diaries and letters. Their love story remains one of the most poignant in music history.

May 14

Programme: Davidsbündlertänze, Op. 6, Carnival, Op. 9
Performers: Miklós Dalmay, Helga Bryndís Magnúsdóttir

May 21

Programme: Symphonic Études, Op. 13, Variations (1873), Fantasiestücke, Op. 12
Performers: Ástríður Alda Sigurðardóttir, Richard Simm

May 28

Programme: Fantasia in C Major, Op. 17, Kreisleriana, Op. 16
Performer: Kristín Jónína Taylor

Venue:

Ýmir Concert Hall

Time:

May 14, 21 and 28 at 11 am

Admission:

ISK 2.300



Sunnudagsmorgnar með Schumann





ÁST ER...

AÐ TAKA ÞÁTT Í LEIKNUM

Því það er órjúfanlegur hluti af deginum að eiga ánægjulegt spjall við son sinn um boltann. Mörkin sem hann skoraði á síðustu æfingu og vítið sem hann klúðraði.

Ást er líka að gera ráðstafanir til að tryggja fjölskyldunni fjárhagslegt öryggi ef þú missir tekjur vegna veikinda eða fellur frá.

SJÓVÁ

LÍF

SVO AÐRIR GETI
TREYST Á ÞIG

Nína Tryggvadóttir



Málverk og vatnslitamyndir

1940 - 1965

13. maí - 30. júní 2006

GALLERY

TURPENTINE

info@turpentine.is
www.turpentine.is

Ingólfsstræti 5
101 Reykjavík
Tel: 551 0707

Nasa við Austurvöll
13. og 14. maí kl. 21.00
Miðaverð: 3.000 kr.

„Tónlistaruppgötvun ársins“

Motion Trio

Þetta framsækna og stórskemmtilega harmónikkuband var stofnað árið 1996 og hefur á undanförunum árum vakið gríðarlega athygli fyrir leik sinn. Tríóið hefur haldið tónleika víða í Evrópu, Bandaríkjunum, Kanada og Asíu og hefur á tiltölulega skömmum tíma tekist að kollvarpa mynd hljóðfærisins. Sex hendur vinna þar saman við að skapa hrifandi hljóðblæ sem oft á tíðum vekur mikla undrun þeirra sem á hlýða. Á undanförunum árum hefur tríóið unnið til fjölmargra verðlauna, m.a. fyrstu verðlaun í alþjóðlegu samtíma-kammertónlistarkeppninni sem kennd er við pólska tónskáldið Krzysztof Penderecki og var enn fremur nýlega útnefnt „tónlistaruppgötvun ársins“ í Frakklandi. Tríóið hefur leikið með hinum ýmsu sinfóníuhljómsveitum og unnið með listamönnum á borð við Bobby McFerrin og Michael Urbaniak.

Tónlist tríósins er að mestu frumsamin og má þar greina áhrif frá hinum ýmsu tónlistarstefnum s.s. klassík, djassi og rokki, en tríóið spilar aldrei rafmagnað. Tríóið skipa Janusz Wojtarowicz, Marcin Galazyn og Pawel Baranek og eiga þeir það sameiginlegt að hafa allir stundað nám við Tónlistarakademiuna í Kraká. Tríóið hóf feril sinn á erilsömum götum borgarinnar þar sem það lék fyrir smáaura sem vegfarendur fleygðu í hatta þeirra,

en síðan þá hefur mikið vatn runnið til sjávar. Þeir sem sótt hafa tónleika tríósins eru á einu máli um að þeir séu mikil tónlistarupplifun þar sem fari saman bæði fjör og dramatik, enda meðlimir tríósins frábærir tónlistarmenn. „Önnur hljóðfæri, líkt og fíðlan, gítarinn og píanóið, hafa þegar verið fullnýtt á sinn hátt og ekki mikið hægt að gera við þau. Þessu er öðruvísi farið með harmónikkuna, sem menn eru fyrst núna að uppgötva og gera tilraunir með. Við sækjum innblástur í nýja tónlist, klassík, barokk, djass, rokk og techno-tónlist, jafnvel diskó-tónlist. Við veljum okkur mynd, við veljum okkur hljóðheim og svo semjum við okkar eigin tónlist“ segir Janusz Wojtarowicz, einn meðlimur Motion Tríósins.

„Ég hef verið þeirrar gæfu aðnjótandi að hlýða á leik Motion tríósins, bæði í Póllandi og víðar. Þetta er einstakt harmónikkutrió“

Krzysztof Penderecki, tónskáld



Janusz Wojtarowicz er stofnandi og forsprakki Motion tríósins. Hann hóf píanó- og harmónikkunám sjö ára gamall undir handleiðslu föður síns. Eftir nám við Konservatoríð í Kraká stundaði hann framhaldsnám í harmónikkuleik við Tónlistarakademiuna þar í borg. Hann hefur unnið til fjölda verðlauna í hinum ýmsu kammertónlistarkeppnum í heimalandi sínu og víðar, en auk þess að semja tónlist fyrir tríóid hefur hann einnig samið mikið af tónlist fyrir leikhús.

Marcin Galazyn hóf harmónikkunám sjö ára gamall hjá prófessor Eugeniusz Ajdamach. Eftir nám við tónlistarskólann í Białystok stundaði hann framhaldsnám við Tónlistarakademiuna í Kraká og hefur unnið til fjölda verðlauna fyrir leik sinn.

Paweł Baranek hóf harmónikkunám níu ára gamall hjá prófessor Wiesław Kusion og lauk námi frá Tónlistarskólanum í Tarnów. Hann hefur unnið til verðlauna í harmónikkukeppnum í Þýskalandi, Ítalíu og Póllandi og leggur nú stund á framhaldsnám við Tónlistarakademiuna í Kraká.

This innovative Polish accordion trio has succeeded in changing the face of the accordion. The trio's music redefines the instrument and explores soundscapes far beyond those hitherto associated with it. Most of the music played by the trio is written by its members. Their music can be placed somewhere between minimalism, jazz and rock – and is always strictly acoustic. In recent years, the trio has been awarded a number of prizes in Poland and has held numerous concerts both at home and elsewhere in Europe.

Venue:
Club NASA
Time:
May 13 and 14 at 9 pm
Admission:
ISK 3.000

Nýlistasafnið
The Living Art
Museum
www.nylo.is

100
GALLERY REYKJAVÍK ENERGY
www.or.is/gallery100

IN ORDER OF APPEARANCE

VALDIR UNGIR LISTAMENN FRÁ 19 LÖNDUM
Selected young artists from nineteen countries

GALLERY 100° - BÆJARHÁLSI 1

Opið alla virka daga frá kl. 08:30 - 16, laugardaga frá kl. 13-17
Open weekdays from 08:30 - 16:00, Saturdays from 13 - 17



YASMIJN KARHOF / SUGAR / 2005

100
GALLERY REYKJAVÍK ENERGY

Einstök upplifun
unique experience

Vatnstankar við Háteigsveg
Watertanks at Hateigsvegur

Opið fimmtudaga - föstudaga og laugardaga frá kl. 13-17
Open Thursdays - Fridays and Saturdays from 13 - 17

FINNBOGI PÉTURSSON
INNSETNINGAR/INSTALLATIONS

11. 05 - 03. 06



Borgarleikhúsið
12. og 13. maí kl. 20.00
14. maí kl. 14.00
Miðaverð: 3.500 kr.

Langvinsælasti

dansflokkur S-Ameríku í dag

Grupo Corpo - brasilískur danshópur

Grupo Corpo er brasilískur nútímadansflokkur sem hefur haldið sýningar um allan heim og hvarvetna hlotið frábærar viðtökur. Þetta er langvinsælasti dansflokkur S-Ameríku í dag og í sýningarferðum hans um heiminn er jafnan uppselt á allar sýningar. Dansararnir eru allir ungt fólk frá Brasilíu sem þjálfað er sem sígildir dansarar.

Dansflokkurinn leitar víða hugmynda í listrænu starfi sínu, en heldur ávallt mikilli trygð við brasilískar rætur sínar, enda gætir áhrifa þeirra greinilega í dansverkunum. Flokkurinn var stofnaður af sex bræðrum í norðurhluta Brasilíu fyrir rúmlega þrjátíu árum og er enn fjölskyldufyrirtæki þótt hann hafi stækkað mikið frá upphafi.

Þessi sýning dansflokksins er ný og sameinar ólík suður-amerísk áhrif í dansi og tónlist, hið gamla og hið nýja í hinum latneska stíl. Annars vegar er verkið „Lecuona“, sem byggir á angurværri og rómantískri tónlist kúbanska tónskáldsins Ernesto Lecuona, og hinsvegar dansverk byggt á nýju tónverki sem hinn þekkti brasilíska tónlistarmaður Gaetano Veloso samdi fyrir flokkinn. Verkinu „Lecuona“ hefur verið lýst sem sjónrænni veislu þar sem rómantík og sterkir litir leika stórt hlutverk, bæði í lýsingu og búningum, en verkið byggir á tólf tilfinningaþrungnum og tælandi suður-amerískum dönsum þar sem eitt þar er lengst af í sviðsljósinu í einu. Hitt verkið, Onqoto, sem mætti nefna „Hvar er ég?“ á íslensku, er ólíkt hinu fyrra, bæði hvað varðar stíl og andrúmsloft. Það er eirðarlaust, á mörkum stjórna og stjórnleysis þar sem frumkraftar tilvistarinnar eru kannaðir til hlítar. Þetta eru hvort tveggja mjög kraftmikil verk og einkennast bæði af óttaleysi þar sem danshöfundurinn Pederneiras yfir dönsurunum út að ystu þolmörkum mannlíkamans.

Danshöfundur: Rodrigo Pederneiras

Kúbanski Gershwin

Ernesto Lecuona, sem var þekktur sem hinn kúbanski Gershwin, fæddist á Kúbu árið 1895. Á ferli sínum samdi hann yfir 170 píanóverk, 37 hljómsveitarverk og yfir 400 sönglög sem ekki ófrægari menn en Bing Crosby, Frank Sinatra og Elvis Presley hljóðrituðu á sínum tíma. Auk þess samdi hann mikið af kvikmyndatónlist og var m.a. tilnefndur til Óskarsverðlauna árið 1942 fyrir besta lagið í myndinni „Always in My Heart“. Lecuona yfirgaf Kúbu og fluttist til Spánar árið 1960, eftir byltinguna, og lést þar þremur árum síðar.

Bob Dylan Brasilíu

Gaetano Veloso fæddist árið 1942 og hefur verið kallaður hinn brasilíska Bob Dylan. Hann hefur haft mikil og rík áhrif á mótun brasilískrar tónlistar og ljóðlistar frá því að ferill hans hófst árið 1965. Textar hans eru oftar en ekki óvæginn gagnrýni á samfélagið og á sama tíma tilfinningaríkir ástarsöngvar. Veloso er mjög virtur í heimalandi sínu og tónlist hans þykir framsækin, jafnframt því að vera trú brasilískum tónlistararfi. Veloso hefur á ferli sínum hlotið fjölmörg verðlaun, m.a. Grammy verðlaunin árið 2000 fyrir plötu sína „Livro“.

„Kraftur er annað nafn Grupo Corpo. Undraverðar mjaðmahreyfingar í samba-stíl í bland við ballettsnúninga og stökk“ *The New York Times*

„Svo einstakt sjónarspil að áhorfendur standa eftir í fullkominni alsælu.“
O Estado de São Paulo

Grupo Corpo is an internationally renowned contemporary dance company from Brazil which has performed all over the world to outstanding reviews. The company's identity has always been linked to the idea of a national culture and despite continually renewing itself artistically, it tries to stay true to its own traditions. This show is a new one and combines old as well as recent Latin-American influences in dance and music. "Lecuona" is based on the romantic and melancholic music of the Cuban composer Ernesto Lecuona, also known as the Cuban Gershwin. The other work on the programme is based on a new composition which Gaetano Veloso - the Bob Dylan of Brazil - has written especially for the ensemble. Choreographer: Rodrigo Pederneiras

Venue:

Reykjavík City Theatre


Time:

May 12 and 13 at 8 pm
and May 14 at 2 pm

Admission:

ISK 3.500

Síminn



Umbreyting – Ljóð á hreyfingu

Í brúðuleiksfyrirbæringunni Umbreytingu eru fullorðnir áhorfendur heillaðir inn í heim brúðulistarinnar. Öll höfum við einhvern tíma verið brúðuleikarar.

Af hverju hættum við því?

Á sinn einstaka hátt leiðir Bernd Ogródnik okkur um nýjar lendur upplifana og skynjunar, þar sem brúðurnar sýna okkur kunnuglega hluti í nýju ljósi. Tilvera okkar tekur stöðugum breytingum, en einnig skynjun okkar. Á leiksviðinu umbreytist ein smámynd í aðra, sviðið sjálft er sífellt að breytast og nýjar brúður vakna til lífsins.

Sýningin samanstendur af fjórtán örsögum sem spanna vítt svið, allt frá óvæntum myndum af hversdagslegum fyrirbærum til hugleiðinga um tilvist mannsins á jörðinni. Sögurnar eru fallegar og skelfilegar, fyndnar og sorglegar – þær fjalla um lífið í sínum ólíkustu myndum. Þær bera heiti eins og *Baráttan fyrir frelsi*, *Síðasti dansinn*, *Draumur drengsins*, *Móðir og dóttir*, *Sakleysinu glatað*, *Vika í lífi Einar's Einarssonar*, *Móðir jörð* og *Ástarsaga*.

Einstök ferð um heim brúðuleikhússins, þar sem áhorfendur geta upplifað eins konar „ljóð á hreyfingu“, því eins og Bernd Ogródnik segir, þá er brúðuleikhús leikhúsinu það sem ljóðlistin er bókmenntunum.

Bernd Ogródnik er einn af fremstu brúðuleiksmönnum samtímans. Auk þess að semja og sýna brúðusýningar þá býr hann til brúður, gerir leikmynd og semur og flytur tónlist. Bernd hefur ferðast víða um heim með brúðusýningar sínar og haldið fyrirlestra á alþjóðlegum leiklistarháttum, ráðstefnum og í háskólum. Hann hefur gert brúður af ýmsu tagi fyrir ýms leikhús víða um heim, sem og kvikmyndir. Bernd er fæddur í Þýskalandi en býr nú í Skíðadal í Eyjafirði þar sem hann hefur komið sér upp vinnuáðstöðu. Þar vinnur hann sýningar sínar, en einnig gerir hann brúður fyrir ýmsa aðila. Fyrsta verkefni hans fyrir Þjóðleikhúsið var brúðugerð og brúðustjórnun í Klaufum og kóngsdætrum.

Brúðuleikari, brúðugerð, leikmynd og tónlist:

Bernd Ogródnik

Leikstjóri: Ágústa Skúladóttir

Lýsing: Páll Ragnarsson

Búningar: Þórunn E. Sveinsdóttir

Miðasala hjá Þjóðleikhúsinu

What poetry offers to literature, puppetry can bring to the theatre. "Metamorphosis" is a collection of original short stories told not in words but through the metaphorical grace of puppets. The cast consists of the most intricate marionettes and rod puppets carved of wood, as well as unforgettable characters created simply using silk scarves and the hands and feet of the puppeteer.

German-born Bernd Ogródnik has toured extensively across Europe, the US, Canada and Asia as a performer, director and lecturer at international theatre festivals, universities and conferences.

He has performed and created puppets and masks for various theatres around the world, as well as for films, television, commercials and museums.

Bernd Ogródnik and his theatre are now based in Iceland, where he also serves as „House Puppeteer to the National Theatre of Iceland“.

Director: Ágústa Skúladóttir

Venue: The National Theatre of Iceland
Time: May 14 at 5 pm
Admission at premiere: ISK 4.500

Nýjar brúður vakna til lífsins

Þjóðleikhúsið, Kassinn
Frumnýning 14. maí kl. 17.00
Miðaverð á frumsýningu:
4.500 kr.

Málþing um nóbelskaldið Pinter

Stefnumót við Pinter
Þjóðleikhúsið,
14. maí kl. 14.00
Aðgangur ókeypis



Þjóðleikhúsið og Listahátið í Reykjavík standa fyrir málþingi um Harold Pinter í tengslum við frumsýningu Þjóðleikhússins á leikriti Pinters, *Fagnaði*. Michael Billington, sem er einn þekktasti leiklistargagnrýnandi Breta og höfundur ævisögu Pinters frá árinu 1997, flytur framsöguerindi sem hann nefnir: „Hvaðan fær Pinter innblástur? Úr hverju spretta leikrit hans?“ Billington ræðir einnig við bresku leikkonuna Penelope Wilton sem verður sérstakur gestur þingsins. Hún hefur meðal annars leikið í *Svikum*, *Einskonar Alaska* og *Fagnaði* eftir Harold Pinter. Spjall þeirra ber yfirskriftina „Að leika Pinter“. Að því loknu verða pallborðsumræður undir stjórn Hávars Sigurjónssonar með þátttöku sérfróðra aðila um Harold Pinter og leikrit hans. Harold Pinter er eitt frumlegasta og merkasta leikskáld Breta á síðari hluta tuttugustu aldar. Hann hefur skrifað um þrjá tugi leikrita, en hefur jafnframt haft mikil áhrif á leiklist í Bretlandi sem leikstjóri og höfundur fjölda útvarps- og sjónvarpsleikrita, sem og kvikmyndahandrita. Á síðari árum hefur Pinter látið til sín taka á opinberum vettvangi í mannréttindabaráttu og hörð gagnrýni hans á ríkisstjórnir Bretlands og Bandaríkjanna vegna stefnu þeirra í alþjóðastjórnarmálum hefur vakið mikla athygli. Pinter hlaut nóbelsverðlaunin í bókmenntum árið 2005. Leikritið *Fagnaður*, sem var frumflutt í London árið 2000, er margslungið og meistaralega vel skrifað leikrit, þar sem einstakur still og óvæntur húmor Pinters njóta sín afar vel. Leikstjóri sýningarinnar er Stefán Jónsson.

To celebrate Harold Pinter's recent Nobel Prize for Literature, a conference will be held on the playwright at the National Theatre of Iceland, with the participation of foreign specialists. The keynote speaker at the conference will be Michael Billington, a theatre critic with The Guardian. A premiere of Pinter's most recent play, "Celebration", will take place later the same day. Special guest at the conference is the British actress Penelope Wilton

Venue: The National Theatre of Iceland
Time: May 14 at 2 pm
Free entrance

Leikverk sem tilnefnd eru til Norrænu leiklistarverðlaunanna

Norðurlandahraðlestin
Borgarleikhúsið
16. maí og 17. maí
kl. 17.00
Aðgangur ókeypis



Glæný verk eftir fjóra höfunda frá Norðurlöndunum hafa verið þýdd á íslensku og verða kynnt almenningi með leiklestrum í Borgarleikhúsinu.

Verkefnið er unnið

í samstarfi við Borgarleikhúsið og Listaháskóla Íslands og markmið þess er að kynna þau verk sem tilnefnd eru til Norrænu leiklistarverðlaunanna. Um leiklesturinn sjá fastráðnir leikarar Borgarleikhússins og útskriftarhópur leiklistardeildar Listaháskóla Íslands.

16. maí kl. 17.00

Noregur: Svevn eftir Jon Fosse

Svíþjóð: Sex, droger og völd eftir Mathias Andersson

17. maí kl. 17.00

Finland: Punahukka eftir Kari Hotakainen

Danmörk: Pinocchio aske eftir Jørum Rohde

Nordic-Express Staged readings. The aim of the project is to present the most cutting-edge contemporary drama. In May 2006 the Nordic countries will send their nominees for the Nordic Drama Prize on the Express to Reykjavík to present their nominated pieces at Reykjavík City Theatre. The readings will be performed by the in-house company and graduate drama students from the Icelandic Art Academy. In collaboration with Reykjavík City Theatre and the Icelandic Art Academy.

May 16 at 5 pm

Norway: "Svevn" by Jon Fosse

Sweden: "Sex, droger og völd" by Mathias Andersson

May 17 at 5 pm

Denmark: "Pinocchio aske" by Jørum Rohde

Finland: "Punahukka" by Kari Hotakainen

Free entrance



Af bestu list

Alfesca

SÍF verður Alfesca

Alfesca er framsækið fyrirtæki með aldarlanga sögu sem á rætur sínar í útflutningsverslun sjávarafurða frá Íslandi. Á síðustu misserum hefur eðli starfseminnar gjörbreyst og í dag er félagið leiðandi í framleiðslu og sölu tilbúinna rétta og hátíðarmatvöru í Evrópu.

Alfesca starfrækir 12 framleiðslueiningar í þremur löndum: Í Frakklandi eru starfrækt dótturfélögin Labeyrie, SIF France og Blini, Lyons Seafoods og Farne í Bretlandi og Vensy á Spáni. Alfesca er í fararbroddi í Evrópu í framleiðslu á tilbúinni matvöru, svo sem reyktum laxi, blini, smurréttum, skelfiski, fois gras, saltfiski og ýmsum öðrum réttum.

Helstu vörumerki Alfesca:



Rjóni íslenskra tónlistarmanna á miðnæturtónleikum

Iðnó

13., 20. og 27. maí

Kl. 23.30

Miðaverð:

2.500 kr.



Miðnæturmúsík

Öll laugardagskvöld á Listahátíð verður fjörinu haldið áfram fram á nótt á þrennum miðnæturtónleikum sem fram fara í hjarta Reykjavíkur, Iðnó kl. 23.30. Fram kemur rjóni íslenskra tónlistarmanna, þau Sólrún Bragadóttir og Sigurður Flosason, Benni Hemm Hemm – stórsveit og Trío Björns Thoroddsens ásamt Andreu Gylfadóttur.

Miðnæturmúsík I, 13. maí:

Dívan og djassmaðurinn flytja þekkt íslensk þjóðlög

Sólrún Bragadóttir sópransöngkona og Sigurður Flosason saxófónleikari hafa sett saman dagskrá sem þau kalla „Lögin okkar“. Hún samanstendur af þekktum íslenskum sönglögum og íslenskum þjóðlögum í útsetningum fyrir sópransöngkonu og saxófón. Óperusöngkona og jazzsaxófónleikari eru líklega með ólíklegustu þorum á listasviðinu, fulltrúar tveggja heima sem sjaldan skarast. Söngarur síðusta alda rennur saman í samfelldum flutningi þar sem á sér stað spuni af hálfu beggja flytjenda, en einnig tiltölulega hefðbundinn flutningur þar sem saxófóninn bregður sér í óvenjulegt hlutverk píanósins.

Leikrænum tilburðum bregður fyrir, það er stutt í glensíð og flutningurinn einskorðast ekki við sviðið. Allt getur gerst þegar dívan og djassistinn blanda blóði með tónlist þjóðarinnar.

Sólrún Bragadóttir hóf óperuferil sinn árið 1987 sem fyrsti lýríski sópran við leikhúsið í Kaiserslautern í

Þýskalandi og hefur starfsvettvangur hennar einkum verið við evrópsk óperuhús. Auk þess hefur Sólrún sungið á fjölmörgum ljóðatónleikum og í óratoríum hér heima og víða erlendis, auk þess að koma fram sem einsöngvari með hljómsveitum. Sólrún hefur hljóðritað íslensk lög á geisladiska, bæði ein og með öðrum, og hefur oft komið fram í útvarpi og sjónvarpi hér á landi sem erlendis. Sigurður Flosason hefur um árabil verið í hópi atkvæðamestu jazztónlistarmanna Íslands. Hann hefur staðið fyrir margvíslegu tónleikahaldi hér heima, en einnig leikið talsvert erlendis. Geisladiskar Sigurðar, alls tíu talsins, spanna vítt tónlistarlegt svið. Sigurður hefur tvisvar hlotið íslensku tónlistarverðlaunin og tvicegis verið tilnefndur til Tónlistarverðlauna Norðurlandaráðs, árin 2000 og 2003. Hann hlaut einnig, ásamt Gunnari Gunnarssyni, tilnefningu til tónlistarverðlauna DV árið 2001. Sigurður hlaut fyrstu verðlaun í bandarísku Hoagy Carmichael tónsmíðasamkeppninni 1987 og kvartett hans komst í úrslit í Europe Jazzkontest 1991.

Miðnæturmúsík II, 20. maí:

Benni Hemm Hemm flytur glænýtt efni

Benni Hemm Hemm varð til árið 2003. Þá kom út smádiskurinn SummerPlate, sem var gefinn út í 30 víðarklæddum eintökum. Þá var Benedikt H. Hermannsson eini meðlimur Benna Hemm Hemm. En við gerð næstu plötu breyttist Benni Hemm Hemm í hljómsveit - stóra hljómsveit. Samtals eru meðlimir nærri því þrjátíu talsins, en á hverjum tónleikum eru yfirleitt í kringum tólf manns á sviðinu. Hefur hljómsveitin leikið á fjölda tónleika hér og þar um heiminn, í allskyns myndum, og hljómplata sveitarinnar hefur hlotið frábærar viðtökur.

Benni Hemm Hemm flytur glænýtt prógramm í Iðnó laugardagskvöldið 20. maí. Í nýju efni sveitarinnar, sem verður frumflutt á tónleikunum, er farið lengra í þá átt sem sveitin hefur haft á áttavitanum frá upphafi - þrumandi

skemmtileg tónlist sem teygist og togast í taktbreytingum, margföldum sönglínum og kraftmiklum blásturshljóðfæra-veggjum. Hljómsveitina skipa framúrskarandi hljóðfæraleikarar úr öllum áttum. Rætur þeirra liggja í spunatónlist, djassi, rokki og poppi, auk þess sem nokkur starfandi tónskáld eru í hópnum. Hljómsveitin var valin Þjartasta vonin á verðlaunahátíð Íslensku tónlistarverðlaunanna, og fyrsta hljómplata sveitarinnar, samnefnd hljómsveitinni, var valin Hljómplata ársins í flokknum Ýmis tónlist.





Miðnætur músík III, 27. maí:

Vor og sumarrómantík með Andreu Gylfa

Trío Björns Thoroddsen hefur verið starfandi í um 20 ár í ýmsum útgáfum og gefið út nokkrar hljómplötur. Um þessar mundir er tríóið skipað Birni Thoroddsen á gítar, Jóni Rafnssyni á bassa og Jóhanni Hjörleifssyni á slagverk og trommur, og þeim til fulltyngis er söngkonan Andrea Gylfadóttir.

Þetta verkefni kalla þau Vorvinda og er það vel við hæfi, enda er vor- og sumarrómantík allsráðandi í mörgum laganna á efnisskránni, sem samanstendur af lögum sem hafa fyrir löngu fest sig í sessi hér á landi, hvort sem þau eru íslensk eða erlend. Lögin eru flest frá síðustu öld og þá frekar frá fyrriparti aldarinnar. Má þar til dæmis nefna lög eins og Vorvindar gláðir, Draumur hjarðsveinsins, Hliðin mín fríða, Sveitin milli sanda, Ömmubæn o.s.frv.

Meðlimina þarf vart að kynna. Björn hefur verið fremstur meðal jafningja í íslenskum jazzi í meira en tvo áratugi og Andrea Gylfadóttir hefur verið ein af okkar ástsælustu söngkonum til margra ára. Hún hóf feril sinn með hljómsveitinni Grafík, en hefur starfað einna lengst með hljómsveitinni Todmobile. Jón Rafnsson hefur verið atkvæðamikill í íslensku tónlistarlífi síðastliðin ár og er, ásamt Birni, í tríóinu Guitar Islancio. Jóhann Hjörleifsson hefur verið einn af okkar eftirsóttustu trommuleikurum til fjölda ára og leikur með hinni vinsælu hljómsveit Sálín hans Jóns míns, en er einnig fastur trommari Stórsveitar Reykjavíkur.

Midnight concerts, part I

The Diva and the Jazzman

Icelandic soprano Sólrún Bragadóttir and jazz saxophone player Sigurður Flóason team up for a programme of Icelandic songs.

Midnight Concerts, part II

Benni Hemm Hemm – Big Band

The shooting star Benni Hemm Hemm – Big Band in concert. Expect a fresh and free approach to music.

Midnight Concerts, part III

Spring Breeze

The versatile singer Andrea Gylfadóttir joins jazz guitarist Björn Thoroddsen and his trio. Icelandic song programme.

Venue: Iðnó Theatre
Time: May 13, 20 and 27 at 11.30 pm
Admission: ISK 2.500

LISTASAFN ÍSLANDS NATIONAL GALLERY OF ICELAND

BIRGIR ANDRÉSSON STEINGRÍMUR EYFJÖRÐ

12.05. – 25.06. 2006

OPIÐ DAGLEGA, KL. 11 – 17, LOKAÐ MÁNUDAGA
OPEN DAILY, 11AM – 5PM, CLOSED MONDAYS
FRÍKIRKJUVEGI 7 / FRÍKIRKJUVEGUR 7, 101 REYKJAVÍK
SÍMI / TEL. + 354 515 9600
WWW.LISTASAFN.IS

VERIÐ VELKOMIN / WELCOME

ÓKEYPIS AÐGANGUR
FREE ADMISSION



Mr. Skallagrímsson
Frumsýning 13. maí kl. 13.00
Hátíðarsýning 13. maí kl. 20.00
Miðaverð: 2.500 kr.

Ástar- og baráttusaga Egils Skalla-Grímssonar

Landnámssetur Íslands í Borgarnesi

Í tengslum við opnun Landnámsseturs Íslands í Borgarnesi hefur Benedikt Erlingsson samið einleik sem hann kallar Mr. Skallagrímsson og verður hann frumfluttur á opnunardeg Landnámssetursins. Einleikurinn er byggður á Egils sögu og innblásinn af sagnahefð sögualdar á Íslandi. Egils saga er flókin ástar- og baráttusaga Egils Skalla-Grímssonar, hins miskunnarlausna víkings og fjödamorðingja sem við óttumst og hins viðkvæma skálds og heimspekings sem við berum virðingu fyrir og höfum samúð með. Við fylgjumst með því hvernig Egill, tilfinningarikur en félagslega heftur ungur maður á 10 öld, verður þess valdandi, viljandi eða óviljandi, að leggja frama og líf bróður síns í rúst og eyðir síðan því sem eftir er af ævi sinni í að bæta fyrir skaðann. Við fáum að sjá hvernig hann tekst á við það og hvað hann lærir - ef hann lærir þá nokkuð. Um leið og verkið opnar okkur dyr inn í sagnaheiminn er áhersla lögð á skemmtigildi sýningarinnar því markmiðið er að vekja áhuga áhorfenda á að lesa Egils sögu og aðrar Íslendingasögur. Höfundur og leikari er Benedikt Erlingsson. Leikstjóri er Peter Engkvist. Verkið er ætlað fullorðnum og börnum allt frá 8 ára aldri.

Landnámssetrið

Í Landnámssetri er lýst upphafi byggðar á Íslandi og einni þekktustu söguhetju Íslendingasagna, Agli Skalla-Grímssyni. Sýningarinnar eru tvær, Landnámsnýning og Egilssýning, en auk þess Sögu loft, þar sem sögumenn koma fram og leiksýningar eru settar á svið. Sýningarinnar eru í gömlu pakkhúsi sem er eitt af elstu húsum í bænum.

Við opnun sýningarinnar mun sönghópurinn Voces Thules syngja nýjar útsetningar á miðaldalögum sem mörg hver eru fengin úr gömlum íslenskum handritum en söngtextinn er byggður á textum úr Sturlungu.

Á Landnámsnýningunni er því lýst hvernig Ísland fannst, hvernig norrænir menn fóru að því að rata yfir opið haf og hvers vegna þeir yfirgáfu sín fyrri heimkynni, Noreg. Sagt er frá mönnum sem fyrstir stigu á land og hvernig Ísland var numið, fram til stofnunar Alþingis á Þingvöllum árið 930.

Egilssýningin segir frá einum litríkasta persónuleika landnámsaldar, Agli Skalla-Grímssyni. Í sögunni um Egil er því best og nákvæmast lýst hvernig ein ætt sest að á Íslandi. Gestirnir eru leiddir í gegnum nokkurs konar völundarhús inn í ævintýraheim sögunnar með hljóðleiðsögn í niðurgrofnum steinkjallara Pakkhússins. Á Sögu loftinu segja sögumenn og -konur frá, hver út frá sínu áhugasviði og sjónarhorni á söguna. Þar verða sagnamenn úr röðum rithöfunda, fræðimanna, skemmtikrafta, leikara, sjómanna og bænda.

Landnámssetrið er opið alla daga frá kl. 10.00 - 19.00



ÍSLENSKA ÓPERAN
Í SAMSTARFI VIÐ LISTAHÁTÍÐ

I FAGIOLINI

I Fagiolini er þekkt um víða veröld sem ein framsæknasta söngsveit Englendinga sem sérhæfir sig í tónlist frá endurreisnartímanum. Sveitin heldur þrenna tónleika í Íslensku óperunni.

L'Amfiparnaso eftir Vecchi - Fimmtudagur 25. maí kl. 20

L'Amfiparnaso eftir Vecchi - Föstudagur 26. maí kl. 17

Monteverdi: Brennandi hjarta - Sunnudagur 28. maí kl. 17

I FAGIOLINI - MASTERCLASS Í ÓPERUNNI

Íslenska óperan stendur fyrir Masterclass í samvinnu við Listahátíð þar sem meðlimir I Fagiolini hópsins munu leiðbeina söngvurum um flutning endurreisnar- og barokktónlistar. **Námskeiðið verður haldið í Íslensku óperunni 26. maí kl. 11.00 - 15.00.**

Námskeiðið er opið áheyrendum gegn 1000 kr. aðgangseyri. Áhugasamir skrái þátttöku hjá Íslensku óperunni.

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á WWW.OPERA.IS - SÍMI: 511 6400

Venue:

The Settlement Centre of Iceland

Opening May 13 at 11 am

Premiere May 13 at 1 pm

Gala performance May 13 at 8 pm

Monologue's admission: ISK 2.500

The Settlement Centre is open daily from 10 am - 7 pm.

The Settlement Centre is devoted to recreating Iceland's earliest days and introduces visitors to one of the best-known heroes of the Icelandic Sagas, Egil Skalla-Grímsson. The centre is home to two major exhibitions: The Settlement of Iceland and The Saga of Egil Skalla-Grímsson, and also contains a Saga Loft.

The Icelandic Settlement Centre is situated in the picturesque township of Borgarnes on the west coast of Iceland, approximately 80 km north of the capital, Reykjavík. This area is the setting for Egils Saga. In connection with the opening of The Settlement Centre, a new monologue based on The Saga of Egil and inspired by traditional storytelling from the time of the Sagas will be premiered. The monologue is written by Benedikt Erlingsson. The Saga of Egil is a complicated story, depicting the life of Egil, the ruthless Viking we fear and the passionate philosopher we respect and have compassion for. The monologue is suitable for children aged eight and above.

Author and actor: Benedikt Erlingsson Director: Peter Engkvist



Landnámssetur Íslands
í Borgarnesi
Opnun 13. maí kl. 11.00



Landsbankinn

410 4000 | landsbanki.is

Mitt kort hjá Landsbankanum



Björn Þór
Grafískur hönnuður

Farðu inn á landsbanki.is og búðu til þitt **eigið kort**



Enginn kvennakór í veröldinni nýtur meiri hylli

„Hljómur sem er mitt á milli þess að
vera trúarlegur og að hlusta á Björk
syngja. Kemst næst því hlýða á
englasöng á jörðu niðri“
Time Out, New York

Hallgrímskirkja
20. og 21. maí
Kl. 16.00
Miðaverð: 2.800 kr.

Búlgarski kvennakórinn Angelite

Búlgarski kvennakórinn Angelite er meðal þekktustu söngsveita heims á sviði heims- og þjóðlagatónlistar, en kórinn vakti fyrst alþjóðlega athygli þegar hann hélt sína fyrstu tónleika í Þýskalandi árið 1987.

Í rúm 20 ár hefur kórinn sungið fyrir áheyrndur um allan heim og enn fara vinsældir hans vaxandi. Kórinn er talinn sá kvennakór veraldar sem hvað mestrar hylli nýtur í dag. Hann hefur komið fram við ýmis tilefni, s.s. á Rauða torginu í Moskvu, á friðarverðlaunahátíð Nóbels árið 1996 og á tónleikum fyrir páfann í Róm svo fátt eitt sé nefnt. Kórinn hefur gefið út fjölda hljómdiska og unnið með öðrum listamönnum og tónlistarhópum. Má þar nefna tenórsöngvarann Luciano Pavarotti, írsku hljómveitina The Chieftains, spænska flamencosöngvarann Enrico Morente og barkasöngvarasveitina Huun-Huur-Tu. Leyndardómsfullur og oft á tíðum yfirskilvitlegur hljómur kórsins byggir á aldagamalli sönghefð frá Balkanskaga, sem kalla má suðupott fjölþjóðamenningar, en Búlgarar hafa öldum saman deilt landi sínu m.a. með Tyrkjum, sígaunum, Rúmenum, Armeníumönnum, gyðingum og Makedóníumönnum. Útkoman er hinn sérstaki og heillandi hljómur kórsins. Raddir kvennanna breiðast út sem litríkt og geislandi litaspjald þar sem leikið er með ómstríður og yfirtóna með kraftmiklum og oft á tíðum skerandi og málmkenndum víbratálausum brjósttönnum, með hrópum og köllum, trillum og allskyns flúri.

Kórinn skipa um 20 konur frá hinum ýmsu héruðum landsins, en allar eiga þær það sameiginlegt að hafa til að bera fullkomið vald á röddum sínum. Þær klæðast skrautlegum búningum heimalands síns og hefur samstilling þeirra í hinum flóknustu verkum, bæði hvað varðar hljóm, tónvef og hrynjandi, hvarvetna vakið undrun og aðáun þeirra sem á hafa hlýtt. Kórinn var tilnefndur til Grammyverðlauna árið 1993 fyrir geisladiskinn „From Bulgaria with love“ og tvöfalda geisladiskinn „Melody, rythm and harmony“, sem hefur að geyma tónleikahljóðritun kórsins. Kórstjóri: Georgi Petkov.

Efnisskrá kórsins

Efnisskrá kórsins á tónleikum Listahátíðar er tvíþætt. Hún samanstendur annars vegar af trúarlegri tónlist hinnar búlgörsku rétttrúnaðarkirkju sem litast hefur í gegnum aldirnar af áhrifum frá slavneskum og þá helst rússneskum tónskáldum og hinsvegar af búlgörskum þjóðlögum sem varðveist hafa í gegnum margar kynslóðir, þar sem sungið er um ástina, hjónabandið og vínáttuna, fjölskylduna og hið daglega amstur.

This women's choir has won international renown as a "world music" or "folk" ensemble. The choir has introduced Balkan music and religious music to different parts of the world for almost twenty years now, receiving ever greater plaudits from both public and critics alike. The cryptic, mysterious, perhaps even somewhat mystical quality that characterizes the choir's sound arises primarily from the singer's preference for a second voice which is maintained at a slight interval to the leading melody. This results in a kind of near-dissonant friction as well as a great radiant power like that of an unfolded colour spectrum. The singer's voices fan out into a colourfully glowing sound palette that plays with overtone resonance. As a result, Angelite offers something that goes far beyond common folk music. It is the artful and skilful advancement of traditional elements to form a style which, despite its great affinity with the folklore of Bulgaria, can be considered a category of its own. On the one hand it possesses an authentic sound, i.e. preserves the heritage, on the other it has advanced into the sphere of art music.

Angelite was nominated for a Grammy in 1993 for the CD "From Bulgaria with love" and for the double CD concert recording, "Melody, rhythm and harmony".

„Hljómur þessara búlgörsku kvenna er stórkostlegur, ólíkur öllu öðru og ógleymanlegur“
The Boston Globe



Venue:
Hallgrímskirkja church
Time:
May 20 and 21 at 4 pm
Admission:
ISK 2.800



Angelite

Búlgarski kvennakórinn Angelite, sem upphaflega var stofnaður út frá öðrum kór, „Le mystere des voix bulgares“ eða „Leyndardómum hinna búlgörsku radda“, hefur komið sér upp verkefnaskrá, sem auk gamalla þjóðlaga frá Balkanskaga og kirkjutónlistar, inniheldur kórverk eftir samtímatónskáld sem bæði hafa samið ný lög fyrir kórinn og gert útsetningar á gömlum þjóðlögum.

Yasmijn Karhof



Gallerí 100° og Nýlistasafnið
14. maí kl. 14.00

Gæðingarnir; í þeirri röð sem þeir birtast...

Sýningarstjóri sýningarinnar, Amalia Pica frá Argentínu, segir að titillinn „í þeirri röð sem þeir birtast...“ skírskotir beint til þess að samsýningar hafi alltaf heildarsvip en innhaldi þó verk sjálfstæðra einstaklinga. Listamennirnir eru sammála um að vera meðvitaðir um hugmyndina um menningarleg samskipti og sýningin gefur þeim tækifæri til að rannsaka og færa fram sína gjörólíku sýn á hvað það þýðir.

Meðal verkanna á sýningunni eru kvikmyndir, verk sem voru gerð sérstaklega fyrir þessa sýningu, verk sem voru gerð í kjölfar heimsóknar listamannanna til Íslands 2005 og önnur verk sem voru sérstaklega valin með Ísland í huga. Sýningin, sem hefst í Gallerí 100° og færir sig svo yfir í Nýlistasafnið, gefur Íslendingum einstakt tækifæri til að kynna verkum ungra listamanna víðsvegar að úr heiminum. Listamennirnir eru 18 og koma frá Argentínu, Perú, Bólvíu, Japan, Kóreu, Thailandí, Ísrael, Bosníu, Ungverjalandi, Þýskalandi, Bretlandi, Hollandi og Bandaríkjunum. Auk þessara átján taka fimm íslenskir listamenn þátt í sýningunni. Þessir átján listamenn eiga það sameiginlegt að hafa nýlokið tveggja ára vinnustofudvöl hjá Ríkssakademie í Amsterdam og heimsóttu allir Ísland fyrir ári síðan. Ríkssakademie er heimsþekkt listastofnun sem er orðin eins konar samkomustaður ungra listamanna úr öllum heimshornum, þar sem þeir geta átt samfélag, unnið að tilraunum og sett upp sýningar.

Eftirfarandi erlendir listamenn taka þátt í sýningunni: Eylem Aladogan, (Holland), Narda Fabiola Alvarado (Bólvíu), Eef Augustin (Holland), Tim Braden (Bretland), Heidi Lynn Ganshaw (Bandaríkin), Goh Ideta (Japan), Yasmijn Karhof (Holland), Sung Hwan Kim (Kórea), Judith Kurtag (Ungverjaland), Tine Meltzer (Þýskaland), Alon Levin (Ísrael), Marco Pando Quevedo (Perú), Ryan Parteka (Bandaríkin), Amalia Pica (Argentína), Sudsiri Pui-Ock (Tæland), Igor Sevcuk (Bosnía), Mieke Van de Voort (Holland) og Helen Verhoeven (Holland).

Íslensku listamennirnir sem eiga verk á sýningunni eru: Geirbrúður Finnbogadóttir, Ragnar Kjartansson, Ingi Rafn Steinarsson, Haraldur Jónsson, Sara Björnsdóttir o.fl.

The Supremes in order of appearance.... The title "in order of appearance..." emphasizes the fact that group exhibitions are always an ensemble, and refers directly to the artists as a collection of individuals. The artists featured in this exhibition

are all former participants in the two-year Rijkssakademie residency programme in Amsterdam. The works in the exhibition will include an extensive programme of the artists' films, works made specifically for the exhibition on site, works made in response to the initial trip to Iceland and other works chosen to provoke a reaction there.

This exhibition will give the spectator a unique opportunity to experience the works of young artists from Japan, Korea, Argentina, Peru and Thailand, as well as from the US and Europe. Icelandic artists will also participate in the exhibition.

Venue: 100° Art Space and Living Art Museum
Time: May 14 at 14 pm



Gabriela Friðriksdóttir

Gallerí i8
18. maí kl. 17.00

Konur og Finnbogi

Framlag Gallerís i8 til Listahátíðar er sýning Finnboga Péturssonar og samsýning fjölda myndlistarkvenna, íslenskra og erlendra. Á efri hæð gallerísins verður samsýning með verkum fjölda þekktara listakvenna. Finnbogi Pétursson er fyrst og fremst þekktur af hljóðverkum sínum þar sem hann vinnur með hljóðbylgjur og áhrif þeirra á líkamann og nálæga hluti. Hann umbreytir hljóði oft í eitthvað sýnilegt og áþreifanlegt, t.d. með því að láta það bæra vatn eða skekja mál. Verk hans búa yfir dularfullum áhrifamætti og geta stundum haft bein líkamleg áhrif á áhorfandann með djúpum bassatönnum og heillandi sjónarspili. Finnbogi var fulltrúi Íslands á Feneyjatvíæringnum árið 2001. Konurnar sem taka þátt í samsýningunni eru í hópi fremstu listamanna samtímans. Þær eru: Karin Sander, Ragna Róbertsdóttir, Roni Horn, Sara Björnsdóttir, Guðrún Einarsdóttir, Inga Svala Þórsdóttir, Gabriela Friðriksdóttir, Hildur Bjarnadóttir, Ólöf Nordal, Katrín Sigurðardóttir o.fl.

Women and Finnbogi, works by Finnbogi Pétursson and outstanding women artists such as Karin Sander, Ragna Róbertsdóttir, Roni Horn, Sara Björnsdóttir, Guðrún Einarsdóttir, Inga Svala Þórsdóttir, Gabriela Friðriksdóttir, Hildur Bjarnadóttir, Ólöf Nordal, Katrín Sigurðardóttir etc. Finnbogi Pétursson is best known for his sound sculptures, in which he works with sound waves and their influence on the human body and nearby objects. He often transforms sounds into something visual and tangible, for example by causing the sound waves to move water or vibrate metal objects. Finnbogi was Iceland's representative at the Venice Biennale in 2001.

Venue: Galleri i8
Time: May 18 at 5 pm

Steingrímur Eyfjörð



Listasafn Íslands
12. maí kl. 20.00

Tvær yfirlitssýningar

Tvær yfirlitssýningar í Listasafni Íslands á verkum íslenskra samtímalistamanna sem hafa verið virkir í íslenskri myndlist í tæpa þrjú áratugi stendur yfir frá 12. maí til 25. júní.

Birgir Andrésson (f. 1955) kom fyrst fram á sjónarsviðið á síðari hluta áttunda áratugs 20. aldar og hefur alla tíð síðan verið virkur í íslensku listsamfélagi.

Verk Birgis eru oft á þjóðlegum nútum og endurspeglar áhuga listamannsins á íslenskri þjóðmenningu, arfleifð hennar og veruleika dagsins í dag. Samband talmáls og myndmáls hefur verið gegnumgangandi í verkum Birgis, þar sem tengsl sjónskyns og hugsunar eru rannsökuð. Verkin á sýningunni spanna allan feril Birgis. Steingrímur Eyfjörð, (f. 1954) hefur í verkum sínum farið inn á merkingarsvið heimspeki, vísinda, félags- eða mannfræði þar sem víðfangsefni verkanna geta verið um jafn ólík og trúmál, pólitík, íslensk þjóðmenning og saga og dægurmenning. Stór þáttur í allri listsköpun hans er rannsókn á virkni hugans þar sem vangaveltur eru skrásett. Teikningin er fyrirferðamikill tjáningarmáti í verkum Steingríms og í þeim sést náinn sjónrænn skyldleiki hennar við ritlistina. Verkin á sýningunni spanna allan feril Steingríms.

Two retrospectives at the National Gallery of Iceland features the work of two contemporary Icelandic artists who have been active for almost three decades. Works on exhibit span both artist's entire career.

Birgir Andrésson (b. 1955) has been an active member of the Icelandic art scene ever since his debut in the second half of the 1970s.

His works often deal with traditional Icelandic themes and reflect his interest in Icelandic popular culture, its legacy and reality today.

Steingrímur Eyfjörð (b. 1954) has explored, in his works, the realms of meaning in philosophy, the sciences, sociology and anthropology, tackling such diverse themes as religion, politics, Icelandic popular culture, history and entertainment. A major part of all his creative work is investigation of mental activity, in which he documents various contemplations.

Venue: National Gallery of Iceland
Time: May 12 at 8 pm

Anders Widmark

EINN ALBESTI DJASSPIANISTI SAMTÍMANS, ANDERS WIDMARK VERÐUR Í FARARBRODDI ÓVENJULEGS DJASSTRÍÓS SEM HELDUR TVENNA TÓNLEIKA Á LISTAHÁTIÐ Í REYKJAVÍK ÞAR SEM FLUTT VERÐUR MARGRÓMUÐ DJASSÚTGÁFA AF TÓNLISTINNI ÚR ÓPERUNNI CARMEN EFTIR GEORGES BIZET. ANDERS WIDMARK ER FÆDDUR Í UPPSÓLUM Í SVÍÐJÓÐ ÁRIÐ 1963.

AÐEINS 7 ÁRA GAMALL LÉK HANN AF FINGRUM FRAM OG SAMDI LÖG Á PÍANÓ.

EFTIR NÁM VIÐ KONUNGLEGA SÆNSKA TÓNLISTARSKÓLANN OG TÓNLISTARHÁSKÓLANN Í

STOKKHÓLMI 1986 HÓF HANN FERIL SINN SEM DJASSPIANISTI. FJÖRUM ÁRUM SíÐAR HAFÐI HANN ÞEGAR MARKAÐ SÉR SESS Í SÆNSKRI TÓNLISTARSÖGU OG ER HANS NÚ GETIÐ Í HELSTU ALFRÆÐIRITUM FYRIR AÐ Hafa VERIÐ Í HÓPI Þeirra fyrstu til þess að BRJÓTA NIÐUR MÚRANA Á MILLI DJASS, HIP-HOPS OG ANNARRA TÓNLISTARHEFÐA.

HANN HEFUR HALDIÐ TILRAUNASTARFSEMI SINNI ÁFRAM OG ÞÓTT TAKAST EINKAR VEL UPP, EN HANN ÞYKIR LíKA AFBRAGÐS ÚTSETJARI OG LAGASMIÐUR. WIDMARK HLAUT TIL AÐ MYNDA HIN VIRTU SÆNSKU "GRAMMIS" ÁRIÐ 2003 FYRIR DJASSLAG ÁRSINS ÁSAMT SÖNGKONUNNI HELENU SJÖHOLM.

1. OG 2. JÚNÍ

HANN HEFUR NÚ SENT FRÁ SÉR SJÖ ÓLÍKA GEISLADISKA SEM HVER UM SIG HEFUR FENGIÐ MIKIÐ LOF, JAFNT Í HEIMALANDI HANS SEM OG VÍÐA UM HEIM, EINKUM ÞÓ Í EYRÓPU OG AMERÍKU. Sérstaka athygli hefur vakið áðurnefnd djassútgáfa hans af hinni heillandi tónlist úr óperunni CARMEN.

SÁ GEISLADISKUR HEFUR FÆRT HONUM MIKIÐ LOF OG ER AÐ MARGRA MATI TALINN EINN BESTI DJASSTÓNLISTAR-DISKUR SEM KOMIÐ HEFUR ÚT Á NORÐURLÖNDUM Í SEINNI TÍÐ. Í KJÓLFARIÐ FYLGDI TÓNLEIKAFERÐ SEM FÉKK EKKI SÍÐRI VIÐTÖKUR EN DISKURINN.



BAUGUR GROUP ÓSKAR ÞÉR GÓDRAR SKEMMTUNAR Á TÓNLEIKUNUM

Sense in Place / Site-Ations

Viðey 25. maí kl. 14.00



Orka í víðasta skilningi þess orðs

Sense in Place / Site-Ations er alþjóðlegt listaverkefni með þátttöku 6 Evrópulanda. Þessi lönd eru, auk Íslands, Írland, Pólland, Lettland, Spánn og Wales, sem er aðalskipuleggjandi verkefnisins. Viðburdir sem tengjast Sense in Place ná yfir eitt ár og eru af ýmsu tagi: Sýningar, ráðstefnur, námskeið og grunnskólafestir ásamt sameiginlegri heimsíðu og sýningararkrá. Alls taka u.þ.b. 50 listamenn þátt í verkefninu í heild sinni. Síðasta sýning Sense in Place verður opnuð í Viðey 25. maí. Þátttakendur eru Sarah Browne og Sean Taylor frá Írlandi, Philippa Lawrence frá Wales, Tomasz Matuszak og Mariusz Soltzyk frá Póllandi, Kristaps Gulbis frá Lettlandi og Tomy Ceballos og Monica Fuster frá Spáni. Íslensku listamennirnir eru átta talsins og taka þátt í sýningum í fimm löndum. Olga Bergmann og Erling Klíngenberg riðu á vandið með þátttöku í sýningu í Sligo á Írlandi í ágúst 2005, en þar verður líka haldin ráðstefna í júní 2006. Einnig eru yfirstaðnar sýningar í Póllandi og Wales. Ásmundur Ásmundsson og Margrét Blöndal sýndu í Lodz í Póllandi, en Kristinn E. Hrafnsson í Cardiff í Wales. Þau Hekla Dögg Jónsdóttir og Guðjón

Ketilsson setja upp verk sín í Zaragoza á Spáni í maí 2006 og Valgerður Guðlaugsdóttir sýnir í Riga í Lettlandi á sama tíma. Myndhöggvarafélagið í Reykjavík er aðalskipuleggjandi íslenska hluta verkefnisins. Sýningarstjórar eru þau Hannes Lárússon og Rósa Jónsdóttir, núverandi formaður Myndhöggvarafélagsins. Markmið sýninganna er að vekja athygli á sérkennum hvers staðar eða lands fyrir sig, en leiðarstef íslenska hlutans verður „orka“, í víðasta skilningi þess orðs. Mikilvægur hluti verkefnisins er samstarf við grunnskólana í Reykjavík. Um er að ræða vinnu með völdum hópum nemenda þar sem fram fer skapandi vinna með nemendum á öllum aldurstigum á grundvelli orkuþemans. Í fyrsta lagi er um að ræða vinnu með börnum í Austurbæjarskóla. Sýning á verkum þeirra opnar í höfuðstöðvum Orkuveitu Reykjavíkur samhliða sýningaropnun listamannanna í Viðey. Í öðru lagi er um að ræða sköpunarsmiðju í Viðey sem fram fer meðan á Listahátíð stendur. Skólarnir sem taka þátt í því verkefni eru Hagaskóli, en þar kemur við sögu Mariusz Soltzyk frá Póllandi, Vikurskóli, sem nýtur handleiðslu Olgu Bergmann, Laugalækjarskóli, þar sem Erling Klíngenberg leiðbeinir, Korpuskóli, í umsjá Valgerðar Guðlaugsdóttur, og Seljaskóli, með leiðsögn Ásmundur Ásmundssonar. Þá gefst nemum í listnámi kostur á að vinna með erlendu listamönnum á meðan þeir dvelja hér vorið 2006.

Ráðstefnan Skyn(sam)leg rými, sem Háskóli Íslands stendur að (sjá nánar bls. 61) í tengslum við Sense in Place / Site-Ations, hefur það að markmiði að vinna að frammgangi verkefnisins, efla umræðu um myndlist og hlutverk hennar og stuðla að samstarfi og tengslum milli þátttökubjóðanna. Reykjavíkurborg, Listahátíð í Reykjavík, Listasafn



Reykjavíkur, Orkuveita Reykjavíkur, Pokasjóður og Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar styrkja framkvæmd sýningarinnar, en meginhluti Sense in Place er kostaður af Menningaráætlun Evrópusambandsins, Culture 2000.

Sense in place/ Site-Ations is a collaborative, interdisciplinary visual art project involving fourteen European countries. The project will take place over the course of a year in the form of six events – one in each of the six participating countries: Wales, Latvia, Ireland, Poland, Iceland and Spain. All participants create site-specific art in response to a curators' theme that reflect the social, historical and environmental context of the each location. Eight Icelandic artists participate in the project, exhibiting in five countries. They are: Olga Bergmann and Erling Klíngenberg in Sligo, Ireland, Ásmundur Ásmundsson and Margrét Blöndal in Lodz, Poland, Kristinn E. Hrafnsson in Cardiff, Wales. Guðjón Ketilsson and Hekla Dögg Jónsdóttir in Zaragoza, Spain and Valgerður Guðlaugsdóttir in Riga, Latvia. The Reykjavík Sculptors Society organizes the Icelandic part of the project. Curators are artists Hannes Lárússon and Rósa Sigrún Jónsdóttir, present chairman of the Society.

Venue: Viðey Island, just off Reykjavík
Time: May 25 at 14 pm



Hvernig leit Austurvöllur út eftir Miðbæjarbrunann?

Miðbær í myndum - Reykjavík í 100 ár
Miðbær kl. 14.00

Í tilefni af 25 ára afmæli Ljósmyndasafns Reykjavíkur býður safnið almenningi til sannkallaðrar ljósmyndaveislu á strætum og torgum höfuðborgarinnar. Úrvali ljósmynda sem sýna götumyndir og mannlíf í miðbæ Reykjavíkur á u.þ.b. 100 ára tímabili verður komið fyrir á Lækjartorgi, Austurvelli og í Fógetagarði. Hvernig leit Austurvöllur út fyrir Miðbæjarbrunann mikla árið 1915? Var bensinstöð á Lækjartorgi? Einnig sýna myndirnar m.a. fólk við skautaiðkun á Austurvelli veturinn 1914, útsýni úr herbergi nr. 22 á Hótel Íslandi við Ingólfstorg frá árinu 1932 og „Karlinn á kassanum“ predika á Lækjartorgi.

Miðbær í myndum - Reykjavík í 100 ár færir myndagein Ljósmyndasafns Reykjavíkur nær íbúum og gestum borgarinnar þar sem áhorfandanum gefst einstakt tækifæri til að kanna þetta svæði í gegnum gamlar ljósmyndir og bera borgarmynd fortíðarinnar saman við borgarmynd dagsins í dag.

City Centre Images - A Century of Reykjavík. On the occasion of the Reykjavík Museum of Photography's 25th anniversary, the museum invites the public to a grand photographic celebration on the streets and squares of the capital. A range of photographs showing the street scene and the street style of Reykjavík's city centre over a hundred years, will be exhibited in Lækjartorg square, Austurvöllur and in Fógetagarður. Venue: Reykjavík City Centre Time: May 13 at 2 pm

Tvær myndlistarkonur

SAFN
13. maí kl. 16.00



Á Listahátíð mun SAFN opna sýningu á nýlegum verkum tveggja þekktara erlendra listakvenna, Karin Sanders og Ceal Floyer -sem báðar eru búsettir í Berlín. Mörg verkanna á sýningunni eru í eigu Safns og verða

sýnd með öðrum verkum úr safneigninni, sem telur m.a. verk eftir Ólaf Eliásson, Gabrielu Friðriksdóttur, Roni Horn, Donald Judd o.fl.

Karin Sander (1957) er þýsk og þýkja verk hennar benda á mjög viðkvæmlega hátt á form sem eru til staðar en eru þó ósýnileg. Verk hennar, svo sem egg þússuð upp í háglans, eða málaðir veggir og hárnákvæmar eftirmyndir tiltekins fólks, sem gerðar eru í mjög smækkaðri mynd, bjóða upp á efasemdir um hvernig við sjáum hluti, bæði innan veggja sýningarsalarins og utan hans. Breska myndlistarkonan Ceal Floyer (1968) vinnur með myndbandsmiðilinn, hljóð- og ljósvörpun, verk á pappír og skúlpútra. Verk hennar hafa gjarnan yfirbragð viðkvæmlegrar naumhyggju. Kíminnigáfa Floyer skín í gegn í verkunum, sem fæst af persónulegri endurröðun hennar á fyrirbærum úr daglega lífinu. Floyer miðlar til okkar lítt könnuðum möguleikum á sköpun í hverskyns aðstæðum, sem og furðulegum hlíðum þeirra.

Two Artists at the SAFN. For the Reykjavík Arts Festival 2006, the SAFN Contemporary Art Collection presents the works of the highly acclaimed artists Karin Sander and Ceal Floyer, who both live and work in Berlin, Germany. Sander and Floyer will present their recent works, some of which belong to the SAFN gallery and will be installed along with other works from the collection by artists such as Ólafur Eliásson, Gabriela Friðriksdóttir, Roni Horn and Donald Judd, to name a few. Venue: The SAFN Contemporary Art Collection Time: May 13 at 4 pm



service relax
escape style



with Icelandair Hotels, Iceland's premier hotel chain

Nordica • Lofleiðir • Flughótel • Hamar • Flúðir • Rangá • Klaustur • Hérað

www.icehotels.is
Tel: +354 444 4000

IH
ICELANDAIRHOTELS



Sumir dagar eru slæmir dagar...

Blessunarlega eru flestir dagar fremur áfallalausir hjá íslenskum fjölskyldum. En sumir vilja samt hafa öll sín mál á hreinu. Það er engin tilviljun að um 25.000 fjölskyldur hafa valið F plús fjölskyldutryggingu VÍS.

Sumir eiga hreinlega í erfiðleikum með að trúá því hversu víðtæk F plús tryggingin er. Hún felur í sér og veitir m.a.:

- Tryggingu á innbúi
- Slysaftryggingu í frítíma
- Ferðasjúkra- og ferðarofstryggingu á ferðalögum erlendis
- Farangurstryggingu á ferðalögum erlendis
- Umönnunartryggingu barna
- Málskostnaðartryggingu
- Ábyrgðartryggingu einstaklings
- Afslátt af öðrum tryggingum
- Afslátt af öryggisvörum

Sjá nánar í skilmálum F plús tryggingar.
Kynntu þér kosti F plús á vis.is eða næstu þjónustuskrifstofu okkar.



Gæludýrin í miðborginni kortlögð



Þjóðminjasafnið,
Borgarbókasafnið
14. maí kl. 15.00

Flugan á Listahátíð

Flugan er samfélagslegt myndlistaverkefni Bryndísar Snæbjörnsdóttur og Mark Wilson, sem líkt og önnur verk þeirra vinnur með samband mannsins við náttúruna í gegnum ákveðna þætti í sambandi manns og dýra. Í Flugunni eru gæludýr og önnur dýr innan borgarmarkanna í brennidepli.

Einn hluti verksins er unninn í samvinnu við Austurbæjarskóla og hefur hópur nemenda innan skólans unnið að listaverkum með textum og gæludýrum sem þau þekkja undir stjórn Guðlaugs Valgarðssonar kennara. Annar hluti tengist ljósmyndum sem listamennirnir hafa tekið af umhverfum gæludýra á heimilum eigenda þeirra og þriðji hlutinn tengist kortlagningu gæludýra í miðborg Reykjavíkur.

Ljósmyndirnar af umhverfum gæludýra ásamt verkum nemenda Austurbæjarskóla svo og kortlagning gæludýranna verða á sýningu Listahátíðar Reykjavíkur á Borgarbókasafni og Þjóðminjasafni Íslands. Á Borgarbókasafni verða ljósmyndir ásamt verkum nemenda Austurbæjarskóla sýndar á Reykjavíkurtorgi og í Þjóðminjasafni Íslands verða verk nemenda Austurbæjarskóla sýnd á Torginu en verk Bryndísar og Marks verða á Veggnum svokallaða á jarðhæð og í Rannsóknarherberginu á 2. hæð. Sýningarnar takast á við sama viðfangsefni en nálgast það á mismunandi hátt. Listamennirnir hafa lagt sig fram við að tengja sýningarnar eins mikið og hægt er í því samhengi sem þær eru sýndar.

Sýningin stendur til 11. júní.



Venue: National
Museum of Iceland /
Reykjavík City Library
Time:
May 14 at 3 pm

The Fly, Collision of Culture and Nature. This project by the artists Bryndís Snæbjörnsdóttir and Mark Wilson extends the cycle of their projects examining human relationships to landscape and environment by means of observing the human/animal interface, and in this case concentrates on domestic animals and animals within an urban environment.
Until June 11.



*Ljistin er
Ljósgjafi*

**SMITH &
NORLAND**

Nóatúni 4 • 105 Reykjavík
Sími 520 3000 • www.sminor.is

Verðlaun og viðurkenningar

1965
Grammy verðlaunin fyrir
plötuna *An Evening with Harry
Belafonte og Miriam Makeba*

1975
Kosin „Kona aldarinnar“
af Bedford Stuyvesant
samfélögum í New York

1986
Friðarverðlaun Dags
Hammerskjöld

1989
Coritu Kent friðarverðlaunin í
Los Angeles

1989
Lýðsku heiðursverðlaunin
kennð við Al Fatah

1992
Albert Luthuli - Martin
Luther King verðlaunin í
Jóhannesborg

1993
UNESCO tónlistarverðlaunin
afhent í Alicante á Spáni

1996
Kora all Africa
tónlistarverðlaunin fyrir
framlag hennar til tónlistar

1999
Suður - Afrísku
tónlistarverðlaunin fyrir
plötuna *Homeland*

2001
Friðarverðlaun Otto- Hahn

2002
Polar tónlistarverðlaun
sænsku tónlistarakadémiunnar

2004
Heiðursdoktorsnafnbót í
tónlist við Rhodes háskólann í
Grahamstown í Suður-Afríku

“Einn áhrifamesti flutningur
sem ég hef orðið vitni að”
-*The Guardian*

Miriam Makeba

Grand Finale

Laugardalshöll 20. maí
Kl. 21.00

Miðaverð: 5.500 / 5.000 kr.

Ein þekktasta söngstjarna veraldar á Listahátíð

Suður-Afríska söngkonan Miriam Makeba heldur tónleika á Listahátíð í Reykjavík þann 20. maí 2006.

Makeba, sem nefnd hefur verið „Mama Africa“, hefur í áráraðir verið í fremstu röð listamanna heims og er hún af mörgum talin áhrifamesti sendiherra Suður-Afríku. Hún er fædd í Jóhannesborg árið 1932 og vakti fyrst athygli í upphafi sjötta áratugarins sem söngkona í hljómsveitinni „The Manhattan Brothers“. Hún yfirgaf þá hljómsveit og gekk til liðs við kvennahljómsveitina „The Skylarks“, hljóðritaði með sveitinni og söng einnig með Djasshljómsveit Alf Herberts á tónleikaför sveitarinnar um Suður-Afríku. Árið 1963 vitnaði hún fyrir Sameinuðu þjóðunum um Apartheid-stefnu heimalands síns og í kjölfar þess var henni gert að yfirgefa landið og afhenda vegabréf sitt. Hún settist um tíma að í Bandaríkjunum og giftist blökkumannaleiðtoganum Stokley Carmichael, sem var félagi í Svörtu hléborðunum, en þau flúðu síðar til Gíneu og settust þar að. Makeba vakti heimsathygli á ný þegar hún söng með Paul Simon á Graceland-tónleikaferð hans árið 1987. Þegar Nelson Mandela var sleppt úr fangelsi árið 1990 sneri hún til baka til Suður-Afríku. Vinsældir Makeba í Bandaríkjunum voru gífurlegar. Hún kom fram í hinni rómuðu afmælliveislu J.F. Kennedy Bandaríkjaforseta árið 1962 í Madison Square skemmtigarðinum, þar sem Marilyn Monroe sló eftirminnilega í gegn, kom fram og hljóðritaði með ýmsum þekktum listamönnum s.s. Harry Belafonte, en árið 1966 hlutu þau Belafonte Grammy verðlaunin fyrir bestu þjóðlagaplötuna. Lagið Pata Pata er frægasta lag Makeba og hefur verið einkennislag hennar allt frá því það var hljóðritað í Suður-Afríku árið 1956, en lagið náði miklum vinsældum í Bandaríkjunum árið 1967. Miriam Makeba hefur verið alla tíð virk í tónlistarflutningi og aldrei gert greinarmun á tónlist sinni og baráttunni fyrir frelsi og réttindum blökkumanna. Einstök rödd hennar hefur til að bera bæði skýrleika og breidd og nýtur sín jafn vel í kraftmiklum baráttusöngvum og í hjartnæmum afrískum vögguvísum. Makeba hefur sungið inn á ríflega 30 hljómplötur og árið 2001 minnti hún enn á ný á sig með plötunni Homeland, en fyrir hana hlaut hún tilnefningu til Grammyverðlauna, og árið 2002 deildi hún Polar tónlistarverðlaunum með hinu virta tónskáldi Sofíu Giubaldinu. Þótt Makeba hafi alla tíð litið á sig sem söngkonu og listamann fremur en stjórnmálamann hefur hún hlötið fjölmargar alþjóðlegar viðurkenningar fyrir þrotlausa baráttu sína fyrir auknum mannréttindum, m.a. friðarverðlaun Dags Hammerskjolds árið 1986 og UNESCO tónlistarverðlaunin 1993.

Miriam Makeba hefur nú ákveðið að draga sig í hlé frá tónlistinni og helga sig mannréttindabaráttunni. Hún mun halda síðustu tónleika sína á Íslandi, eina Evrópulandinu sem hún hefur aldrei heimsótt.

Tvö barnabörn Makeba í hljómsveitinni

Tvö barnabörn Makeba koma fram á tónleikum hennar í Laugardalshöll. Dóttursonur hennar Nelson Lee leikur á hljómborð og dótturdóttir hennar Zenzile Lee sýngur bakraddir. Hefur Makeba sagt að dótturdóttir sín sé sú sem eigi eftir að halda tónlist hennar á lofti í framtíðinni. Á tónleikum leika einnig, Afrika Mkhize á píanó, Breno Brown á saxófón, Raymond Doume á bassa, Alain Agbo á gítar, Papa Kouyate á slagverk og Sam Mataure á trommur auk bakraddasöngvaranna Innocent Modibe og Zamo Mbutho.

Þekktustu lög Makeba

Pata Pata er þekktasta lag Miriam Makeba en einnig má nefna Lögin Mbube, Africa is where my Heart Lies, Masakane (sem á tungumáli Zulu manna þýðir að hjálpa öðrum), Malaika og Click song, sem vísar í tungumál Xhosa ættbálksins.



Xhosa ættbálkurinn

Miriam Makeba er af Xhosa ættbálkinum sem varð til uppúr 1400 í Suður Afríku. Ættbálkurinn er sá næststærsti á eftir Zulu ættbálkinum og telur í dag um 8 milljónir manna sem búa vítt og breytt um Suður - Afríku þó aðallega í suð-austur hluta hennar. Á tímum aðskilnaðarstefunnar voru meðlimir Xhosa ættbálksins öflugastir í baráttunni gegn hvíta meirihlutunum en meðal nafntogaðra meðlima ættbálksins má nefna, Nelson Mandela, Stephen Biko og Desmond Tutu. Xhosa-tungumálið er eitt af smellitungumálum Afríku og er X-ið í nafninu borið fram með hliðarsmelli tungu líkt og gert er þegar hestur er hvattur áfram.

„Kona aldarinnar“

Bedford Stuyvesant Samtökin, New York

„Miriam Makeba syngur með dökkri rödd og fingerðri hendingarmótun Ellu Fitzgerald og einlægni og hlýju Franks Sinatra“ *Newsweek*

Frægasta setning Miriam Makeba:

„Aldur er sama og viska ef maður hefur lifað lífi sínu á réttan hátt“

The South African singer Miriam Makeba will give a Grand Finale concert at the Reykjavik Arts Festival on May 20, 2006.

Miriam Makeba, known as “Mama Africa”, has for many years been a leading artist and one of South Africa’s most influential ambassadors. Born in Johannesburg in 1932, Miriam Makeba first came to the public’s attention as a featured vocalist with the Manhattan Brothers in the early fifties. In 1963, after Makeba testified about apartheid before the United Nations, the South African government revoked her citizenship and she was forced to leave her country. Makeba returned to world prominence in 1987 when she performed with Paul Simon on the Graceland tour. Following Nelson Mandela’s release from prison, Makeba returned to South Africa in December 1990.

Makeba’s popularity in the US was immense. She performed and recorded music with artists such as Harry Belafonte, which earned them a Grammy Award for Best Folk Recording in 1966. Pata Pata, Makeba’s signature tune, was recorded in South Africa in 1956 and was to become a major hit in the US in 1967. Makeba has released over thirty albums over the years and her critically acclaimed comeback album Homeland was nominated for a Grammy Award in 2001. In 2002 she shared the Polar Music Prize with the distinguished composer Sofia Gubaidulina. Although always regarding herself as a singer and not as a politician, Makeba’s fearless humanitarianism has earned her many international awards, including the 1986 Dag Hammerskjöld Peace Prize and the UNESCO Grand Prix du Conseil International de la Musique.

Miriam Makeba has decided to withdraw from the concert stage and devote herself to humanitarian work. She will give her Grand Finale in Iceland, the only country in Western Europe she has yet to visit.

GLITNIR

Venue:
Laugardalshöll
Concert Hall
Time: May 20 at 9 pm
Admission:
5.500 / 5.000





Langholtskirkja
21. maí kl. 20.00
Miðaverð: 2.500 kr

Tónleikar Kammersveitar Reykjavíkur

Kammersveit Reykjavíkur tileinkar W.A. Mozart glæsilega dagskrá í tilefni þess að árið 2006 eru 250 ár liðin frá fæðingu meistarans. Á dagskránni eru þrír konsertar: píanókonsert nr. 25 í C-dúr, fiðlukonsert nr. 4 í D-dúr og klarínnettukonsert í A-dúr.

Kammersveit Reykjavíkur var stofnuð árið 1974 og með henni leika margir af okkar færustu tónlistarmönnum, sem flestir starfa einnig með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Á þessum tónleikum koma fram þrír framúrskarandi einleikarar, þau Einar Jóhannesson klarínnettuleikari, sem um langt skeið hefur verið í fremstu röð tónlistarmanna Íslands og þótt víðar væri leitað, Una Sveinbjarnardóttir fiðluleikari, sem hefur vakið mikla athygli á undanföllum árum fyrir leik sinn bæði sem einleikari og í kammertónlist og Víkingur Ólafsson píanóleikari, en Víkingur kemur beint til landsins úr lokaprófi sínu frá Juilliard tónlistarskólanum í New York og eru þetta því fyrstu tónleikar hans eftir útskrift. Kammersveit Reykjavíkur var stofnuð af Rut Ingólfsdóttur árið 1974, sem allt frá stofnun hefur verið listrænn stjórnandi sveitarinnar. Markmiðið með stofnun sveitarinnar var að gefa áheyrendum kost á reglulegum tónleikum með kammertónlist allt frá barokktímanum til nútímans og um leið að gefa hljóðfæraleikurum tækifæri til að glíma við áhugaverð verkefni. Óhætt er að fullyrða að Kammersveitinni hafi tekist ætlunarverk sitt því hún hefur átt fastan sess í tónlistarlífi höfuðborgarinnar síðan.

Efnisskrá

Fiðlukonsert nr. 4 í D dúr KV 218

Allegro

Andante cantabile

Rondeau (Andante grazioso-Allegro ma non troppo)

Einleikari: Una Sveinbjarnardóttir

Klarínnettukonsert í A dúr KV 622

Allegro

Adagio

Rondeau Allegro

Einleikari: Einar Jóhannesson

Hlé

Píanókonsert nr. 25 í C dúr KV 503

Allegro maestoso

Andante

Allegretto

Einleikari: Víkingur Heiðar Ólafsson



Einar Jóhannesson fæddist í Reykjavík árið 1950. Hann nam klarínnettuleik við Tónlistarskólann í Reykjavík og The Royal College of Music í London, þar sem hann vann til Frederick Thurston verðlaunanna. Hann gegnir nú stöðu 1. klarínnettuleikara hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands og hefur gert um áraradír. Árið 1976 vann Einar samkeppni um þátttöku í „Live Music Now“ sem Sir Yehudi Menuhin stofnaði og hlaut síðar Sonning verðlaunin fyrir unga norræna einleikara. Einar er einn þeirra sem fjallað er um í bók breska tónlistarfræðingsins Pamela Westons „Clarinet Virtuosi of Today“. Hann er tíður gestur á tónlistarháttíðum víða um heim og hefur leikið fyrir útvarps- og sjónvarpsstöðvar margra landa. Einar hefur frumflutt fjölda verka sem eru sérstaklega skrifuð fyrir hann, jafnt kammerverk sem verk fyrir einleiksklarínettu. Einar er stofnfélagi nokkurra kammerhópa, til dæmis Blásarakvintetts Reykjavíkur og Tríós Borealis. Hann er einnig fyrsti klarínnettuleikari Kammersveitar Reykjavíkur og félagi í miðaldasönghópnum Voces Thules.



Víkingur Heiðar Ólafsson (f. 1984) hefur komið fram á fjölmörgum tónleikum heima og erlendis og getið sér gott orð sem einn af eftirtækta verðustu fulltrúum yngri kynslóðar íslenskra tónlistarmanna. Síðastliðin þrjú ár hefur hann numið við hinn virta Juilliard tónlistarháskóla í New York undir handleiðslu Jerome Lowenthal. Víkingur Heiðar hefur hlotið fjölmörg verðlaun og viðurkenningar fyrir leik sinn, m.a. Íslensku

tónlistarverðlaunin árið 2004 í flokknum „Bjartasta vonin í sigildri- og samtíma tónlist“, auk verðlauna American-Scandinavian Society, sem veitt voru framúrskarandi listamönnum á árinu 2004. Frumraun sína með Sinfóníuhljómsveit Íslands þreytti Víkingur 16 ára gamall þegar hann lék fyrsta píanókonsert Tchaikovskys, en með hljómsveitinni hefur Víkingur einnig leikið konserta eftir Jón Nordal, Prokofiev, Shostakovich og Ravel. Hann hefur einnig leikið einleik með Blásarasveit Reykjavíkur, Ungfóníu og á Listahátíð í Reykjavík.

Í janúar á þessu ári hélt Víkingur einleikstónleika í Salnum, Kópavogi við frábærar undirtektir þar sem tvívegis var fullt út úr dyrum.



Una Sveinbjarnardóttir (f. 1975) stundaði fiðlunám hjá Kristínu Th. Gunnarsdóttur í Tónmenntaskóla Reykjavíkur og Mark Reedman í Tónlistarskólanum í Reykjavík. Hún stundaði framhaldsnám í fiðluleik við Tónlistarháskólann í Köln hjá prófessor Gorjan Košuta og í kammertónlist hjá Alban Berg-strengjakvartettinum og við Universitát der Künste hjá Thomas Brandis auk þess að sækja námskeið hjá ýmsum virtum fiðlukennurum. Una hefur hlotið fjölmargar viðurkenningar, m.a. Jean-Pierre Jacquillat-styrkinn árið 1999 og sama ár sigraði hún í keppni um þýska styrkinn til að leika á Holland Music Sessions. Í Köln hlaut hún m.a. 1. verðlaun í keppninni Brahms Kammermusik. Hún hefur komið fram á einleikstónleikum víða í Evrópu og í Bandaríkjunum og einnig verið virk í flutningi kammertónlistar. Þá hefur hún spilað með Björk Guðmundsdóttur og með hljómsveitinni Skárr'ennekkert. Hún hefur starfað með Ensemble Modern Frankfurt, Rundfunk-Sinfonieorchester Berlin, Deutsche Oper Berlin og Klangverwaltung München. Una er stofnfélagi Tríós Gorki Park og strengjakvartettsins HUGO. Una spilar á Camillus Camilli fiðlu, sem var smíðuð í Mantua árið 1732.

The well-known and well-established Reykjavik Chamber Orchestra will perform three concertos by Mozart in honour of his legacy, as 2006 marks the 250th anniversary of the composer's birth.

The programme includes Piano Concerto no. 25 in C Major, Violin Concerto no. 4 in D Major and Concerto for Clarinet in A Major.

The orchestra comprises thirty-five talented musicians and, for this special concert, will feature three outstanding Icelandic

soloists: Una Sveinbjarnardóttir violin, Víkingur Ólafsson piano and Einar Jóhannesson clarinet.

Venue:
Langholtskirkja Church
Time: May 21 at 8 pm
Admission:
ISK 2.500

CASA FIESTA



**HUGSAÐU MEÐ
BRAGÐLAUKUNUM**

Sönn ástarsaga íslenskrar stúlku og fransks sjómanns



Í porti Hafnarhússins

26. maí kl. 20.00

27. maí kl. 16.00

Miðaverð:

3.900 kr.

Le Pays – Föðurlandið

Hin mikilfenglega ópera **Le Pays** eftir franska tónskáldið **Joseph-Guy Ropartz** er eina ópera heimsbókmenntanna sem gerist á Íslandi. Óperan fjallar um franskan sjómann sem lifir af sjóslys úti fyrir ströndum landsins og verður ástfanginn af íslenskri stúlku, en efni óperunnar er sagt byggja á sönnum atburðum sem áttu sér stað við strendur Íslands árið 1873.

Tónskáldið

Joseph-Guy Ropartz er fæddur árið 1864 í Guingamp á Bretagneskgaga í Frakklandi. Hann nam lögfræði ungur að árum, en er því námi lauk hóf hann nám við Tónlistarháskólann í París, þá 19 ára að aldri. Þar voru lærifeður hans Massenet, Dubois og Franck. Árið 1894 var hann gerður að skólastjóra Tónlistarháskólans í Nancy þar sem hann starfaði í tæp 30 ár. Hann jók veg og vanda þess skóla til mikilla muna og hafði mikil og jákvæð áhrif á tónlistarlífið í borginni á meðan hann bjó þar. Árið 1919 var hann gerður að skólastjóra Tónlistarháskólans í Strasborg, þar sem hann starfaði þar til hann settist í helgan stein og flutti aftur í sitt kæra heimahérað, Bretagneskgagann. Hann lést árið 1955.

Óperan – sagan

Óperan **Le Pays** var samín á árunum 1908–1910, þegar Ropartz hafði verið búsettur í Nancy í mörg ár, fjarri heimahögum sínum. Hann hafði þá lengi leitað að efni í tónverk sem tengdist héraðinu hans og sem helst átti að innihalda mikla innri baráttu og djúpar tilfinningar, án þess að vera umfangsmikið sjónarspil og fjalla um margar persónur. Honum var gefið smásagnasafnið *Passions*

Celtes eftir rithöfundinn **Le Goffic** og varð mjög hrifinn, einkum af smásögunni „L' Islandaise“ eða „Íslenska stúlkan“. Út frá þeirri sögu samdi Ropartz óperuna **Le Pays**. Saga **Le Pays** segir frá Tual, bretónskum sjómanni sem kemst einn af þegar nokkrar skútur stranda við suðurströnd Íslands. Tual kemst af miklu harðfylgi á land þar sem Jörundur Egilsson, gamall bóndi, finnur hann þegar hann er í þann mund að sökkva í kviksyndi. Jörundur kemur honum heim til sín þar sem dóttir Jörundar, Kata, hlúir að sáferanum og hjúkrar honum til heilsu á ný. Þau fella hugi saman en Kata gerir sér grein fyrir því að þegar vorar að nýju muni Tual fá heimþrá og vilja snúa aftur til heimalands síns. Hún biður hann því að sverja trúnað sinn við hrafnagljá eins og vaninn var á þessum slóðum: „Svíki ég loforð mitt megi ég hverfa ofan í hrafnagljá.“ Faðir hennar þússar þau saman í fjarveru prestsins.

Um leið og vorar kemst Tual að því að frönsku skúturnar eru aftur komnar á Íslandsmið og finnur fyrir óstjórnlegri heimþrá. Einn daginn gerir hann sér upp höfuðverk og fer út eftir að hafa kvatt Kötú. Hann söðlar hestinn sinn og fer sem leið liggur stystu leið inn á Seyðisfjörð í gegnum hrafnagljá, þótt hann viti að það sé hættulegasta leiðin, enda eru þar víða kviksyndi. Kata vill sjá barnsföður sinn í hinsta sinn og eltir hann. En það hefur skyndilega hlýnað í veðri og hrafnagljá er óárennileg þar sem snjó og ís hefur leyst. Tual fer hratt yfir en hann kemst ekki fram hjá fenjunum og Kata horfir á hann hverfa með hesti sínum ofan í kviksyndi á meðan hrafnarnir sveima yfir henni. Ropartz breytti söguþræðinum lítillega fyrir óperuútgáfuna og tónlistin sem hann samdi við söguna þykir með betri verkum hans. Óperan er bæði náttúralísk og táknræn og þykir einstök í sinni röð. Á þessum tíma átti sér stað mikil vakning meðal franska tónskálda um að efla franska tónlist, gjarnan undir áhrifum frá

þeirra eigin heimahéraði. Ropartz var eitt af þessum tónskáldum en tónsmíðar hans einkenndust oftast en ekki af heimabyggð hans á Bretagneskgaga, eins og **Le Pays** er glögg dæmi um.

Þetta er eina ópera heimsbókmenntanna eftir erlent tónskáld sem gerist á Íslandi, en þó að sagan sjálf gerist hér á landi leita draumar og hugsanir aðalsöguhetjunnar oftast en ekki til heimahaganna á Bretagneskgaga sem virka eins og bakgrunnur íslenskra fjarða og votlenda. Sjórinn er að sjálfsögðu í forgrunni, enda fáar bretónskar sögur þess virði að nefna nema hann komi við sögu, líkt og við Íslendingar þekkjum úr okkar sögum.

Ást Ropartz á áttihögum sínum kemur þó ekki fram í notkun hans á þjóðlögum heldur í því hvernig hann laðar fram andrúmsloft staðarins í tónlistinni.

Sannsögulegir atburðir

Sagan er ekki síður forvitnileg fyrir þær sakir að hún virðist byggð á sannsögulegum atburðum. Elín Pálmadóttir, blaðamaður og höfundur bókarinnar **Fransi Biskví** um franska sjómenn á Íslandi, hefur unnið talsverða heimildavinnu og telur að aðalsöguhetja óperunnar sé byggð á stýrimanni að nafni **Legarff**. Árið 1873 varð mikið sjóslys í Lóni rétt fyrir utan Hornafjörð, en þá fórust fimm franskar skútur. Aðeins einn sjómaður komst af, stýrimaðurinn **Legarff**, og varð hann illa slasaður eftir á bænum **Vestra-Horni** í Lóni. Þessa er getið í grein eftir **Georges Aragon** í franska blaðinu *Revue des deux mondes*. Þar segir að allt fólkið á bænum hafi komið í fjöruna til að kveðja **Legarff** og að þar á meðal hafi verið ung kona sem grét sáran. **Aragon** var á franska eftirlitsskipinu sem sótti skipbrotsmanninn og líklega hefur **Legarff** svo sagt **Aragon** alla söguna um borð í skipinu á leið heim. Kemur henni í flestu heim og saman við smásöguna og óperuna.

Sýningar á Le Pays

Le Pays var frumflutt í Borgarleikhúsinu í Nancy árið 1912 undir stjórn Ropartz sjálfs. Ári síðar var hún flutt í **Opera-Comique** í París og var það sérstakur heiður fyrir Ropartz. Svo virðist sem tvær aðrar uppfærslur hafi verið gerðar á þessum tíma, önnur í Þýskalandi árið 1914 og hin í Genf árið 1918. Eftir það virðist hún hins vegar ekki hafa verið flutt nokkurs staðar aftur. Óperan hefur þó verið hljóðrituð í flutningi Filharmóníusveitar Lúxemborgar með frönskum söngvurum og var sá diskur gefinn út árið 2001. Einnig er til útvarpsupptaka af flutningi verksins frá 1964 með hljómsveit franska útvarpsins. Óperan hefur því ekki verið flutt oft á sviði og er orðið ansi langt síðan síðast, eða tæp 100 ár.

Flytjendur: Sinfóníuhljómsveit Íslands

Einsöngvarar: Sigrún Hjálmtýsdóttir sópran, Bergþór Pálsson barítón og Gunnar Guðbjörnsson tenór

Hljómsveitarstjóri: Kurt Kopecky.

Leikstjóri: Stefán Baldursson

Dansari: Lára Stefánsdóttir

Búningar og leikmynd: Filippía Elísdóttir

Lýsing: Björn Bergsteinn Guðmundsson

Í samstarfi við Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Alfesca



Sigrún Hjálmtýsdóttir (Diddú) er ástsæla söpransöngkona Íslendinga. Hún hóf reyndar söngferil sinn á sviði dægurtónlistar, til dæmis með aðild sinni að Spilverki Þjóðanna. Hún hóf snemma að læra klassískan söng, fyrst í tónlistarskólanum í Reykjavík og síðar í Guildhall School of Music í London og eftir það lá leið hennar til Ítalíu. Eftir heimkomuna hefur hún tekið þátt í ólíkustu uppfærslum og sýningum sem eru til vitnis um fjölbreytta hæfileika hennar sem listamanns. Fyrsta leiksviðstúlkun hennar hér á landi var árið 1988 sem brúðan Ólympía í uppfærslu Þjóðleikhússins á Ævintýrum Hoffmanns. Síðan þá hefur Sigrún sungið fjölda hlutverka hjá Íslensku óperunni og komið fram með hljómveitum víða um heim. Út hafa komið sjö geisladiskar með einsöng hennar, m.a. með Sinfóníuhljómveit Íslands, og minnst margir þess þegar hún söng með José Carreras á rómuðum tónleikum. Sigrún var sæmd hinni íslensku fálkaorðu árið 1995 og finnsku ljónaorðunni árið 1997.

Bergþór Pálsson stundaði nám við Indiana University frá 1981 þar sem hann lauk B.M. og mastersnámi árið 1987. Árið 1996 lauk hann leiklistarnámi frá Drama Studio London.

Að söngnámi loknu starfaði hann um þriggja ára skeið í Þýskalandi en frá árinu 1991 hefur hann farið með fjölmörg óperu, óperettu- og söngleikjahlutverk á sviðum íslenskra leikhúsa, nú síðast hlutverk Dandinis í „Óskubusku“ Rossinis í Íslensku óperunni. Bergþór hefur haldið fjölda einsöngstónleika og sungið einsöng með Sinfóníuhljómveit Íslands, Kammersveit Reykjavíkur og flestum helstu kórum landsins, m.a. í Matheusarpassíu, Jóhannesarpassíu og Jólaoratóríu Bachs, Sköpuninni og Árstíðunum eftir Haydn og Sálumessu Mozarts.

Gunnar Guðbjörnsson stundaði söngnám hjá Sigurði Demetz á Íslandi og hjá Hanne-Lore Kuhse og Michael Rhodes í Þýskalandi, en auk þess sótti hann söngtíma hjá hinum þekktu sænska söngvara Nicolai Gedda og hjá Rainer Goldberg í Berlín. Gunnar var í nokkur ár fastráðinn við Ríkisóperuna í Wiesbaden og Þjóðaróperuna í Lyon í Frakklandi. Hann hefur einnig sungið við fjölda annara óperuhúsa og má þar nefna Grand Theatre í Genf, óperuhúsin í Lissabon, Marseille, Toulouse og Lille, Opera National í París (Bastille), Frankfurter Oper, Staatsoper í Hamburg, Nationaltheater í München, Kölner Oper, Deutsche Staatsoper, Deutsche Oper í Berlín og Wiener Staatsoper. Á Ítalíu hefur Gunnar sungið í óperuhúsum í Bologna, Feneyjum og Palermo. Gunnar hefur haldið tónleika vítt og breytt um Evrópu og sungið með sinfóníuhljómveitum víða um heim undir stjórn margra þekkra stjórnenda, svo sem Helmut Rilling, Kent Nagano, Jeffrey Tate, Sir Neville Marriner og Daniel Barenboim.



Kurt Kopecky er fæddur í Austurríki og hóf pianónám þar í landi sjö ára gamall. Á árunum 1994-2000 stundaði hann nám í hljómveitarstjórn við Tónlistarháskólann í Vínarborg og lauk þaðan meistaragráðu. Hann hefur verið tónlistarstjóri Íslensku óperunnar frá árinu 2003 og stýrt þar mörgum óperuuppfærslum auk þess sem hann hefur stjórnað ýmsum óperuuppfærslum í Austurríki, Þýskalandi, Sviss og Finnlandi og komið fram sem gestastjórnandi með ýmsum sinfóníuhljómveitum, t.d. Tonkünstler Orchester í Austurríki, Orquestra Nacional do Porto og sinfóníuhljómveitunum í Oulu og Kuopio.

Stefán Baldursson hefur um árabíl verið í fremstu röð íslenskra leikstjóra og hlotið ýmsar viðurkenningar og verðlaun fyrir störf sín. Hann hefur sviðsett yfir sjötíu leiksvýningar heima og erlendis, m.a. á Norðurlöndunum og í Bandaríkjunum. Fjölmörgum sýninga hans hefur verið boðið á leiklistarhátíðir erlendis, m.a. til Þýskalands, Danmerkur, Svíþjóðar, Finnlands, Færeyja, Búlgaríu, Júgóslavíu og Bandaríkjanna. Meðal rómaðra sýninga hans hér heima má nefna Stundarfrið, Sumargesti,

Við borgum ekki, Sölu Völkur, Draum á Jónsmessunótt, Dag vonar, Villiöndina, Brúðheimilið, Horfðu reiður um öxl og Veisluna. Stefán var leikhússtjóri Leikfélags Reykjavíkur 1980-87 og þjóðleikhússtjóri 1991-2005. Eftir að hann lét af starfi þjóðleikhússtjóra hefur hann starfað sjálfstætt sem leikstjóri og leikstýrði í vetur einleikum Ég er mín eigin kona og söngleikum Yves Montand sem sýndur var í Rialto leikhúsinu í Kaupmannahöfn.

Lára Stefánsdóttir var fastráðinn dansari hjá Íslenska dansflokknum í fjölda ára og fór þar mörg

Sinfóníuhljómveit Íslands

Sinfóníuhljómveit Íslands var stofnuð árið 1950. Hljómveitin er skipuð 80 fastráðnum hljóðfærleikurum og heldur um 60 tónleika hérlandis á hverju starfsári og á auk þess að baki fjölda vel heppnaðra tónleikaferða vítt og breitt um heiminn sem hafa aukið mjög hróður hennar. Geisladiskar hljómveitarinnar, m.a. frá útgáfufyrirtækjunum Chandos, BIS og Naxos, hafa fengið afar góða dóma á síðustu árum og hljómveitin stenst fyllilega samanburð við bestu hljómveitir erlendis. Meðal þeirra hljómveitarstjóra sem mestan þátt hafa átt í þróun Sinfóníuhljómveitar Íslands má nefna Norðmanninn Olav Kielland, Pólverjann Bohdan Wodiczko, Norðmanninn Karsten Andersen, Frakkann Jean-Pierre Jacquillat og á síðari árum þá Petri Sakari og Osmo Vänskä frá Finnlandi. Núverandi aðalhljómveitarstjóri og listrænn stjórnandi hljómveitarinnar er Rumon Gamba, en heiðursstjórnandi er Vladimir Ashkenazy.

„Þetta verk, fullt af einlægni og ljóðrænum innblæstri, er ekki einungis tónskáldinu til sóma heldur einnig vegsauki fyrir franska tónlist.“

Gabriel Fauré

burðarhlutverk. Hún hefur samið fjölda dansverka, m.a. fyrir Íslenska dansflokkinn, Listdansskóla Íslands, Perluna og Pars pro toto, auk þess að semja hreyfingar/dans fyrir leikhús. Lára starfrækir danshópin Pars pro toto, sem frumflutti verk hennar Von í Íslensku óperunni í nóvember síðastliðnum. Von var nýlega sýnt í Arts Depot í London en Lára hefur að undanförunu lagt stund á mastersnám í dansfræðum.

Björn Bergsteinn Guðmundsson er einn af okkar færustu og reyndustu ljósahönnuðum. Hann starfaði sem ljósamaður og ljósahönnuður í Þjóðleikhúsinu frá 1982 til 2005, að undanskildu einu ári er hann starfaði við Konunglega leikhúsið í Kaupmannahöfn. Hann hefur hannað lýsingu fyrir fjölda leiksvýninga, flestar í Þjóðleikhúsinu en einnig hjá Íslensku óperunni, Hafnarfjarðarleikhúsinu og fjölmörgum leikhópum.

Filippía Elísdóttir höfundur útlits Le Pays hefur unnið við yfir fjöru tíu leikhúsverkefni, bæði hérlandis og erlendis, þ.a.m. fyrir Þjóðleikhúsið, Borgarleikhúsið og Íslensku óperuna. Meðal uppfærslna sem hún hefur komið að eru Ríkhartur III, Hamlet, Draumur á Jónsmessunótt, Veislan og Sweeney Todd, sem hún hlaut Grímuna fyrir. Einnig kom hún að vinnu við Woyzeck e. Buchner sem Nick Cave samdi tónlistina við, en sú sýning var frumsýnd í Barbican miðstöðinni í London.

Written by the French composer Joseph-Guy Ropartz at the beginning of the 20th century, Le Pays is the only opera by a non-Icelandic composer that takes place in Iceland. It is based on actual events that happened in 1873 and tells the tale of a French sailor named Legarff who escapes a shipwreck off the Icelandic coast and falls in love with a local girl. He was rescued by farmers and brought to the farm. This tragedy was reported in an article written by Georges Aragon for the French magazine Revue des deux mondes. Aragon, who was one of the men on the ship that came to seek Legarff, states that all the people of the farm came to the shore to say goodbye to him and that among those was a young woman who wept bitterly. Legarff is thought to have told Aragon the whole story on the way back to France. The article's story is largely the same as the one told in Le Goffic's short story and the opera. The opera was premiered in Nancy, France in 1912 and was staged in L'Opera Comique in Paris a year later. This performance will be the first for almost 100 years and an Icelandic premiere. The grand master of French music, Gabriel Fauré, regarded this opera as "a work full of sincerity, of warm poetic inspiration, of constant dignity of style, and of which one may say that it honours not only Guy Ropartz but French music as well".

Performed by the Icelandic Symphony Orchestra along with three of Iceland's best-known singers: Sigrún Hjálmtýsdóttir soprano; Bergþór Pálsson, baritone and Gunnar Guðbjörnsson tenor.

Conductor: Kurt Kopecky

Director: Stefán Baldursson

Dancer: Lara Stefánsdóttir

Costumes and design: Filippía Elísdóttir

Lighting design: Björn Bergsteinn Guðmundsson

In collaboration with the Icelandic Symphony Orchestra.

Venue: The courtyard of Reykjavík Art Museum, Hafnarhús

Time: May 26 at 8 pm and May 27 at 4 pm

Admission:

ISK 3.900

Ítalskur funi



La Strada

– kvikmynd og tónleikar

Tónleikar: Hafnarborg, Hafnarfirði 21. maí kl. 17.00

Kvikmyndasýning: Kvikmyndasafni Íslands 20. maí kl. 16.00 og 21. maí kl. 20.00

Miðaverð á tónleika: 2.500 kr.

Kammersveit Hafnarfjarðar flytur tónlist eftir hið þekkt ítalaska tónskáld Nino Rota, sem samdi tónlist við nær allar kvikmyndir Fellini og hlaut frægd af.

Hljómsveitarstjórinn Michele Marvulli, sem stundaði nám hjá Nino Rota í tónsmíðum, hefur útsett ballettsvítu Rota, „La Strada“, fyrir kammersveit, en svítan byggir á stefjum úr tónlist kvikmyndarinnar. Einnig koma þar fyrir þekkt stef Rota úr öðrum kvikmyndum eftir Fellini svo sem „Amacord“, „Guðföðurnum“ og „8 1/2“. Útsetninguna gerði Michele Marvulli í tilefni flutnings Kammersveitar Hafnarfjarðar á verkinu á Listahátíð 2006. Á tónleikunum hljómar að auki „Balli per piccola orchestra“ eða „Dansar fyrir litla hljómsveit“ og píanókonsert Rota í e-moll, „Piccolo mondo antico“, eða „Litli forni heimur“, en hvorugt verkið hefur áður verið flutt á tónleikum hér á landi.

Þess má geta að Marvulli stjórnaði frumflutningi píanókonsertsins árið 1978, þar sem tónskáldið lék einleikspáttinn. Að þessu sinni verður Domenico Codispoti einleikari, en hann kemur frá Suður-Ítalíu eins og stjórnandinn, og gefur það fyrirheit um að hinn sanni ítalski funi og skáldlegur innblástur ítalskra og íslenskra krafta taki völdin á tónleikum í Hafnarborg.

Í framhaldi af tónleikunum verður haldin sýning á hinn klassísku kvikmynd Federico Fellinis La Strada frá árinu 1954, með Anthony Quinn og Giulietta Masina í aðalhlutverkum. Fellini er óumdeilanlega einn áhrifamesti kvikmyndagerðarmaður sögunnar og La Strada er meistaraverkið sem honum þótti vænst um, eins og flestum kvikmyndaunendum. Tónleikarnir eru haldnir í samstarfi við stofnun Dante Alighieri á Íslandi.

Tónlist eftir Nino Rota

Einleikari: Domenico Codispoti

Stjórnandi: Michele Marvulli



Efnisskrá:

Balli per piccola orchestra / Dansar fyrir litla hljómsveit

Inngangur - Entrada :

andante un poco maestoso

Dans litlu sveitastúlkunnar - Ballo della villanetta :

allegretto

Dans spurninganna - Ballo del perché:

andantino

Dans góða skapsins - Ballo del buon umore:

allegretto vivace

Dans leiðindanna - Ballo Della Noia:

andante con moto

Hátíðardans - Ballo festivo:

allegro con brio

Bless - Addio:

andante un poco maestoso

Konsert fyrir píanó og hljómsveit í e-moll

„Litli forni heimur“ - „Piccolo mondo antico“

Allegro tranquillo

Andante sostenuto

Allegro

Hlé

Svíta úr ballettinum „La Strada“ /
Útsetning Michele Marvulli fyrir kammersveit.



Michele Marvulli hljómsveitarstjóri.



Domenico Codispoti einleikari.

Fellini/Rota theme concert, Hafnarfjörður Chamber Orchestra and the Italian pianist Domenico Codispoti will perform the music of Italy's most influential film composer, Nino Rota, under the direction of Michele Marvulli.

Michele Marvulli, a former student and friend of Nino Rota, has written a new arrangement of Rota's ballet suite "La Strada" for chamber orchestra, which will be premiered at this concert. Rota's "Balli per piccola orchestra" and Piano Concerto in E Minor, "Piccolo mondo antico" will also be performed by the Chamber Orchestra with Domenico Codispoti as soloist. Marvulli conducted the premiere of this piece in 1978, featuring Nino Rota as soloist.

Following this performance, Federico Fellini's 1954 movie "La Strada" will be screened at the National Film Archive in Iceland.



Kammersveit Hafnarfjarðar.

Venue: Music at Hafnarborg Cultural Centre and movie at The National Film Archive

Time: Music May 21 at 5 pm and movie May 20 at 4 pm and May 21 at 8 pm.

Admission: ISK 2.500



eithvað einstakt



Galleri List
Íslensk list fyrir alla



Skipholti 50d
sími: 581 4020



Hjá okkur færðu faglega þjónustu,
byggða á þekkingu og áralangri reynslu.

 **TÓNASTÖÐIN**
Allt fyrir tónlistarmanninn

Tónastöðin • Skipholti 50d • Reykjavík
sími: 552 1185 • www.tonastodin.is

Skemmtilegasta söngsveit Englendinga



Íslenska óperan

25. maí kl. 20.00, 26. maí kl. 17.00 og
28. maí kl. 17.00

Kirkju- og menningarmiðstöðin Eskifirði
27. maí kl. 16.00

Miðaverð: 3.200 kr.

I Fagiolini

I Fagiolini er þekkt um víða veröld sem ein framsæknasta og skemmtilegasta söngsveit Englendinga sem sérhæfir sig í tónlist frá endurreisnartímanum.

Þau hafa hlotið gríðarlega góðar viðtökur á meðal tónlistarsérfræðinga og ungra áhorfenda fyrir sviðsetningar sínar á tónlistar- og leikhúsvörkum frá endurreisnar- og barokktímanum, sem og framúrskarandi flutning á nútímatónlist. Hópurinn var stofnaður árið 1986, en á þeim tíma stunduðu meðlimir hans nám við Oxfordháskóla. Tveimur árum síðar sigraði hópurinn í keppninni Early Music Network's Young Artist í Bretlandi. Síðan þá hefur hópurinn gefið út tólf geisladiska og einn DVD disk. I Fagiolini heldur um fimmtíu tónleika á ári, en auk hefðbundins tónleikahalda á tónlistarháttinum í Evrópu hefur hópurinn ferðast víða um heim sem sendiherrar breska þingsins, m.a. til Hong Kong, Kína, Ísrael, Bandaríkjana, Marokkó, Egyptalands og Suður-Afríku. Í flutningi sínum leitast hópurinn við að vera tónlistinni trúr, jafnframt því að glæða hana ferskum anda. I Fagiolini þykir með eindæmum uppátektarsöm söngsveit og sýningar hópsins einkennast af mikilli kímni og léttleika.

I Fagiolini þýðir „litlu baunirnar“ á ítölsku, en tilkomu nafnsins útskýrir hópurinn þannig að á þeim tíma sem hann var að stíga sín fyrstu skref hafi áhugi manna á gamalli tónlist, túlkun hennar og flutningi á upprunaleg hljóðfæri farið ört vaxandi. Á stúdentagaráðnum í Oxford, sem var heimili söngvaranna, var þessi tónlist kölluð „baunatónlist“ þar sem jafnt leiknir sem lærðir aðdáendur hennar virtust gjarnan vera grænmetisætur og dýraverndunarsinnar sem gengu í bómullarfötum. Því var stungið uppá nafninu „The Beans“, en síðar ákveðið að ítalska þýðingin „I Fagiolini“ færi betur, þar sem efnisskrá fyrstu tónleika hópsins státaði m.a. af verkum hins ítalska endurreisnarmeistara Claudio Monteverdi. Þetta nafn festist svo við hópin. Sýningar I Fagiolini eru í samstarfi við Íslensku óperuna.

L'Amfiparnaso

I Fagiolini flytur okkur á þessari Listahátíð gleðileikinn L'Amfiparnaso eftir ítalska tónskáldið Orazio Vecchi (1550 – 1605).

Í þessu stórskemmtilega tónverki frá árinu 1594 blandar Vecchi saman madrigölum og commedia dell'arte persónum í formi sem á sínum tíma var eins konar undanfari óperunnar. Þetta form, sem kallaðist „madrigala-gleðileikur“, átti blómasteið sitt á síðari hluta 16. aldar, en vandamálið var oft að gæði tónlistarinnar voru ekki í

samræmi við leikinn sjálfan og söguþráðinn. Þessu vildi Vecchi breyta með verkinu L'Amfiparnaso, en titill þess vísar til tveggja tinda hins gríska skáldafjalls Parnassos. Í verkinu haldast þessi tvö frumatriði formsins, söngur og leikur, í hendur sem jafningjar og má geta sér þess til að þar sé komin skýringin á því hvers vegna L'Amfiparnaso hefur staðist tímans tönn. Eins og oft vill verða í Commedia dell'arte leikjum er söguþráðurinn einfaldur og hverfist um óhamingjusamt par, ráðagóða svikahrappa og ósvífið þjónustufólk. Þar kynnumst við hinum illa innrætta Pantalone, hinum málglaða og ringlaða Dottore, spænskum kaffeini og fylkingu útslitinna elskhuga. Grímubúnir leikarar túlka söguna með látbragði og tónlistin er sungin á ítalskri mállýsku frá Toscana-héraði og Feneyjum. Hvert atriði er svo kynnt með stuttum og skemmtilegum formála sem Davíð Þór Jónsson hefur þýtt á íslensku.

Sögumaður er Hilmir Snær Guðnason.

Á undan flutningi L'Amfiparnaso mun I Fagiolini flytja madrigala eftir öllu frægari samtímamann Vecchis, Claudio Monteverdi (1567–1643). Monteverdi er þekktastur fyrir óperur sínar og trúarleg verk, en veraldleg kammerverk hans eru síður þekkt. Á ferli sínum gaf hann ríkulegum sköpunarkrafti sínum lausan tauminn í fjölda slíkra verka, sem eru í senn ástríðufull og frumleg og vel þess virði að þeim sé gert hátt undir höfði. L'Amfiparnaso verður flutt í Íslensku óperunni 25. maí kl. 20.00 og 26. maí kl. 17.00.

„Gullhúðað silkiveski... við fáum það besta úr öllum heimum“

Gramophone

„Seiðandi ... heillandi en ónotaleg leikhússkemmtun ... nóturlegt neistaflug“

The Times

„Ógleymanleg lífsreynsla“

The Guardian

„Tónlistarleikhús kemst tæplega nær innstu kímum mannsins en þessi sýning gerir“

The Independent

Brennandi hjarta

Á þessum tónleikum flytur hópurinn sérstaka dagskrá sem samanstendur af verkum ítalska endurreisnartónskáldsins Claudio Monteverdi, en þessi dagskrá hefur hlotið frábæra dóma í enskum dagblöðum. Dagskráin nefnist Flaming Hearts eða Brennandi hjarta og skilur engan eftir ósnortinn. Þessi dagskrá er sett saman úr þáttum úr mörgum af glæsilegustu verkum Monteverdis, með fjölradda söng án undirleiks og dúettum, madrigölum og tríóum. Þessi dagskrá sameinar margs konar verk og sýnir vel hvernig þau vega hvert annað upp og eru í raun dæmi um sömu hugmyndafræði – að hreyfa við áheyrandanum.

„Hvað við kemur veraldlegri tónlist Monteverdis, þá tel ég að hann hafi verið mjög misskilið tónskáld í gegnum tíðina. Flytjendur láta oft glepjust af fallegum laglínunum hans og láta þær vinna verkið fyrir sig, en gleyma því að þær eru bara yfirborðið... toppurinn á ísjakanum. Það eru djúpar sálfræðilegar ástæður fyrir því að þessi tónlist var samin og flytjandinn þarf að hafa ríkan skilning á þeim til að ná fram því sem tónskáldið var að reyna að gera. Monteverdi var mjög framsækið endurreisnartónskáld sem leitaðist bæði eftir að líta hvert orð og ná fram heildarmynd ljóðsins“, segir Robert Hollingworth listrænn stjórnandi I Fagiolini.

Monteverdi verður flutt í Kirkju og menningarmiðstöðinni, Eskifirði 27. maí kl. 16.00 og 28. maí kl. 17.00 maí í Íslensku óperunni.

Masterclass

Íslenska óperan stendur fyrir Masterclass í samvinnu við Listahátíð þar sem meðlimir I Fagiolini hópsins leiðbeina söngvurum um flutning endurreisnar- og barokktónlistar.

Masterclassinn er opinn almenní gegn 1.000 kr. aðgangseyri. Áhugasamir skrái þátttöku hjá Íslensku óperunni.

26. maí í Íslensku óperunni kl. 11.00



I Fagiolini are acknowledged worldwide as the most innovative British vocal ensemble specializing in early music. Their stylish staged productions of Renaissance and Baroque music-theatre works, accompanied by virtuosic performances of contemporary repertoire have won them admirers all over the world and brought this repertoire to both specialists and completely new audiences.

For the Reykjavík Arts Festival, I Fagiolini will perform Vecchi's musical comedy, L'Amfiparnaso. Through a virtuosic ensemble score, Vecchi brought to life wonderful characters of late 16th-century Venice. As always with commedia, the plot is a simple one of unhappy lovers, scheming old rogues and their cheeky servants. The action is mimed by half-masked actors, the music is sung in a mix of Tuscan Italian, Venetian and other dialects. Introductions performed by one of Iceland's leading actors, Hilmir Snær Guðnason. In collaboration with the Icelandic Opera.

As a different programme, the group will also hold a Monteverdi concert which has been hailed by The Times as "mesmerising... a compelling but upsetting piece of theatre... A bleak but brilliant evening", by The Guardian as "an unforgettable experience" and by The Independent as "Music theatre hardly comes more visceral than this".

Music director: Robert Hollingworth

**Venue: Icelandic Opera
Time, L'Amfiparnaso:
May 25 at 8 pm, May 26 at 5 pm. 1
Time, Monteverdi's Flaming Heart:
May 28 at 5pm**

**Venue: The Church and Cultural
Centre in Eskifjörður
Time, Monteverdi's Flaming Heart:
May 27 at 4 pm
Admission: ISK 3.200**



Landsbankinn



British Embassy
Reykjavik

Danshátíð á Listahátíð

Borgarleikhúsið
Við erum öll Marlene Dietrich
FOR 15., 16. og 17. maí kl. 20.00
OBSTRUCSONG 27. maí kl. 17.00
Hélium 27. maí kl. 20.00
Magnolia 28. maí kl. 20.00
Miðaverð: 2.900 / 2.000 kr.

OBSTRUCSONG, Granhøj Dans, Danmörk
Sviðið er risastór ullarferhyrningur, umkringdur ljósalömpum sem sveigjast og breytast. Yrkisefnin eru erótík, daður, átök og þrá.
Nýja svið, 27. maí kl. 17.00
Hélium, Moussoux-Bonté, Belgía
Í súrrealísku andrúmslofti, ríkulega búnu kröftugu myndmáli, kljást dansararnir við kynferði, trúarbrögð og skemmtanaíðnaðinn sem einkenna nútímasamfélagið.
Stóra svið, 27. maí kl. 20.00
Magnolia, Dada von Bzdülów leikhúsið, Pólland:
Ímyndaðu þér land í Mið-Evrópu þar sem veðurfarir er stórbrotið og ófyrirsjáanlegt. Fólkið í landinu er vondapurt og niðurdregið, en heldur sér á lífi með stöðugum flaumi dagdrauma. Einlægt og persónulegt verk, þringið ástríðu.
Nýja svið, 28. maí kl. 20.00

*We are all Marlene Dietrich FOR, Icelandic Dance Company:
Created by Erna Ómarsdóttir and Emil Hrvatin, together with Icelandic, Slovenian, Belgian and French dancers, musicians and performing artists. The piece deals with the relationship between the artist and the soldier. Performed for the first time on the large stage. May 15, 16 and 17 at 8 pm.*

OBSTRUCSONG, Granhøj Dans, Denmark:
*Palle Granhøj stages eroticism, flirting, battles and longing in an abstract and organic landscape consisting of a giant wool quadrant encircled by flexible lamps.
May 27 at 5 pm
Hélium, Moussoux-Bonté, Belgium:
The performers exist in a surreal atmosphere, on the borders of theatre and dance, dealing with sexuality, religion and entertainment.
May 27 at 8 pm
Magnolia, Dada von Bzdülów Theatre, Poland:
Imagine a land in Central Europe where the climate is volatile and unpredictable. The inhabitants spend their entire lives daydreaming, wishing for something they don't have. A genuine and personal piece, wrought with simmering passion.
May 28 at 8 pm*

Erótík, daður, átök og þrá

Trans Danse Europe, 2003 til 2006, er þriggja ára samstarfsverkefni dansflokka átta Evrópulanda sem Listahátíð í Reykjavík hefur komið að frá upphafi. Á hátíðinni í ár gefur að líta fjögur mismunandi og ákaflega spennandi verkefni frá fjórum löndum; **We are all Marlene Dietrich FOR** frá Íslandi, **Hélium** frá Belgíu, **OBSTRUCSONG** frá Danmörku og **Magnolia** frá Póllandi.

Við erum öll Marlene Dietrich FOR, Íslenski dansflokkurinn: Höfundar; Erna Ómarsdóttir danshöfundur og Emil Hrvatin en auk þeirra taka þátt í verkefninu íslenskir, slóvenskir, franskir og belgískir dansarar, tónlistarmenn og sviðslistafólk. Þetta ögrandi og ljóðræna verk er túlkað með dansi, leiklist og tónlist. Verkið tekur á sambandi listamanns og hermans, afþreyingu fyrir hermenn og er endurspeglun listamannsins á stöðu sinni í samfélaginu. Við eru öll Marlene Dietrich FOR er nú flutt í fyrsta sinn á stóra sviði Borgarleikhússins. 15., 16. maí og 17. maí kl 20.00

Venue: Reykjavík City Theatre
We are all Marlene Dietrich FOR May 15, 16 and 17 at 8pm
OBSTRUCSONG May 27 at 5 pm
Hélium May 27 at 8 pm
Magnolia May 28 at 8 pm
Admission: ISK 2.900 / 2.000





epal

HUGSAÐU ÚT FYRIR KASSANN

Hafnarhús
19. – 21. maí

Orðið tónlist - fjölljóðahátíð 2006

Suðupottur nýsköpunar

Orðið tónlist - fjölljóðahátíð er ljóða- og tónlistardagskrá þar sem megináherslan er á möguleika mannsraddarinnar til að skapa list á mörkum ljóðlistar og tónlistar, myndbandalistar og gjörninga.

Hljóðljóðskáld eða fjölljóðskáld hafa haldið hátíðir og komið fram víða erlendis, en aldrei hefur slík hátíð verið haldin hér á landi. Ítalska hljóðljóðskáldið Enzo Minarelli hefur skipulagt margar slíkar hátíðir og miðlar nú af reynslu sinni með þátttöku á skipulagningu þessarar fyrstu fjölljóðahátíðar á Íslandi. Á hátíðinni verður teflt saman ólíkum birtingarmyndum sköpunar í ljóðlist, tónlist, myndbandalist og gjörningum, jaðargreinum sem ekki fá alla jafna andrúm á tónleikum eða á geisladiskamarkaði. Þar verður haldið á lofti merki hátíðarinnar, Orðinu tónlist, sem Smekkleysa lagði af stað með árið 2000 og var frá upphafi ætlað að skapa opinn vettvang fyrir stefnumót orðs og tóna, bókmennta og tónlistar. Með því að bjóða hingað til lands viðurkenndum erlendum listamönnum á sviði fjölljóðlistar og bjóða innlendum listamönnum á ýmsum aldri og úr ýmsum greinum lista að taka jafnframt þátt í hátíðinni er von okkar að hátíðin verði suðupottur nýsköpunar þar sem listgreinar mætast. Fjölmargir íslenskir listamenn taka þátt í verkefninu sem Smekkleysa hefur skipulagt ásamt Magnúsi Pálssyni og stendur hátíðin yfir frá 19. til 21. maí.

Dagskrá Fjölljóðahátíðar

19. maí kl. 19.30

Einkum lögð áhersla á tónlist í bland við ljóðaupplestur og gjörninga. Kolbeinn Bjarnason flautuleikari leikur á tónleikum í Hafnarhúsinu og er sá hluti dagskrárinnar haldinn á vegum Íslenskrar tónverkamiðstöðvar í tengslum við fund Norrænna tónverkamiðstöðva. Þar verður frumflutt nýtt verk eftir Þuríði Jónsdóttur og þar leikur Kolbeinn einnig verkið Cho eftir Þorstein Hauksson. Einnig mun hann leika verkið Noanoa eftir Kaija Saariaho og verk Brians Ferneyhough, Mnemosyne fyrir 9 bassaflautur

(8 á hljóðbandi) en Kolbeinn hlaut frábæra dóma fyrir geisladisk sinn þar sem hann leikur tónlist Ferneyhoughs og var m.a. tilnefndur til Menningarverðlauna DV fyrir þann disk.

Dagskráin heldur svo áfram með þátttöku eftirfarandi listamanna: Haukur Már Helgason ljóðvídeó, Steindór Andersen/Hilmar Örn Hilmarsson, Bragi Ólafsson, Jóhannar /Einar Melax, Jón Hallur Stefánsson, Kira Kira og Tilraunaeldhúsið, Eiríkur Norðdahl, Sjón, Parabólur/Sigtryggur Baldursson, Steingrímur Guðmundsson, Ghostigital/Einar Örn Benediktsson.

„Workshop“

20. maí kl. 14.00

„Workshop“ í fjölnotasal Hafnarhússins sem listemenn við LHÍ koma að, en námskeið í bókagerð og fleiru sem fjölljóðum tengist verður haldið í vor í LHÍ í tengslum við verkefnið.

Tónleikadagskrá

20. maí kl. 20.30

Tónleikadagskrá með þátttöku eftirfarandi listamanna: Magnús Pálsson, Kristinn Harðarson, Nýlókórinn undir stjórn Snorra Sigfúsar Birgissonar, Enzo Minarelli, Tom Winter, Ásgerður Júníusdóttir, Guðmundur Haraldsson, Fernando Aguiar, Mark Sutherland og Rod Summers.

Málþing um fjölljóð

21. maí kl. 14.00

Erindi flytja:

Guðbergur Bergsson, Rod Summers og Enzo Minarelli. Sýning með myndbandsverkem, gjörningum og hljóðinnsetningum verður á tíma Listahátíðar í Gallerí Humri eða frægd, Laugavegi 59. Finnogi Pétursson, Haraldur Jónsson o.fl.

Aðgangur ókeypis kl. 14.00 laugardag og sunnudag. Kr 2.000 á tónleikana á föstudags- og laugardagskvöld.

The Word Music Polypoetry Festival celebrates the potential of the human voice to create art on the borders of poetry and music, video and performance. Sound poets and polypoets have organized such festivals all over the world but never before in Iceland. The Italian polypoet Enzo Minarelli is a special consultant for this festival which will provide an opportunity for an encounter between different aspects of creative work in poetry, music, video art and performance – peripheral fields of the arts which have not received the attention they merit in concerts or CD marketing. Smekkleysa/Bad Taste Ltd. organized the first Word Music festival in 2000, which featured an encounter between words and music on the stage of the Icelandic Opera. Now the project is being developed further by inviting internationally recognized polypoets to meet Icelandic artists working in diverse fields of the arts related to words, music, video and performance.

Programme

May 19 at 7.30 pm

Kolbeinn Bjarnason, one of Iceland's leading flautists, will give a recital.

Hosted by the Iceland Music Information Centre in connection with the International Conference "Music Promotion – Music on the internet".

Premiere of a piece by Þuríður Jónsdóttir, in addition to the performance of the pieces "Cho" by Þorstein Hauksson, "Noanoa" by Kaija Saariaho and Brian Ferneyhough's "Mnemosyne for 9 Bass Flutes" (8 on tape).

The programme continues with the participation of the following artists: Haukur Már Helgason; video-poetry, Steindór Andersen/Hilmar Örn Hilmarsson, Bragi Ólafsson, Jóhannar/Einar Melax, Jón Hallur Stefánsson, Kira Kira and Experimental Kitchen, Eiríkur Norðdahl, Sjón, Parabólur/Sigtryggur Baldursson, Steingrímur Guðmundsson, Ghostigital/Einar Örn Benediktsson.

May 20 at 2 pm

A workshop will be held in the multipurpose hall at the museum with the participation of students from the Icelandic Academy of Art.

May 20 at 8.30 pm

A concert with a programme featuring the following artists: Magnús Pálsson, Kristinn Harðarson, a choir directed by the composer Snorri Sigfús Birgisson, Enzo Minarelli, Tom Winter, Ásgerður Júníusdóttir; mezzo soprano, Guðmundur Haraldsson, Fernando Aguiar, Mark Sutherland and Rod Summers.

May 21 at 2pm

Conference on polypoetry with the participation of Icelandic and international artists. Keynote speakers: Guðbergur Bergsson, Rod Summers and Enzo Minarelli

An ongoing exhibition of video, happenings and sound installations by artists during the Reykjavik Art Festival at Gallerí Humar eða frægd (Gallery Lobster or Fame), Laugarvegur 59.

Venue:

Reykjavík Art Museum, Harbour house

Time: May 19 at 7.30 pm

May 20 at 2 pm and 8.30 pm

May 21 at 2 pm

Free entrance at 2 pm on Saturday and Sunday but ISK 2.000 for each concert, Friday and Saturday.



Iceland, Jökulá 2005

Colours by Sjöfn Har

S. Har.
art
Gallery
Icelandic

Sjöfn Har. has exhibited widely in Iceland, but also around Europe and in the US and her paintings can be found in almost 30 countries around the world. *Sjöfn Har.* has her own gallery in Reykjavík and an atelier in the coastal village of Stokkseyri, 45 minutes' drive from the capital.

Born in 1953 in the picturesque village Stykkishólmur on the Snæfellsnes peninsula, Sjöfn Har. graduated both as an artist and an art teacher from the Icelandic Collage of Art and Crafts and then finished postgraduate studies at the Royal Danish Academy of Fine Arts in Copenhagen as a Cand. Phil. in Art.

Rich and contrasting colours, subtle contours and shadows and sweeping panoramas – these are the hallmarks not only of the Icelandic landscape, but also of the paintings by Sjöfn Har.

SJØFN HAR



Photo: Inger H. Beásson / Örtu Auglýsingastofa ehf

S. Har.

Skólavörðustígur 25a 101 Reykjavík Tel: (+354) 894 0367 e-mail: sjofnhar@islandia.is
artist SJØFN HAR art studeo • Listaskálinn 825 Stokkseyri. www.sjofnhar.com

A Day to Remember



BLUE LAGOON
ICELAND

BLUE LAGOON – Geothermal Spa is open daily year round.
www.bluelagoon.com

Leikárið 2006–2007

Við töfrum það fram í ljósið!



ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Sjö ný leikrit, sérstaklega samin fyrir Þjóðleikhúsið, á verkefnaskrá næsta vetrar!

SITJI GUÐS ENGLAR eftir Guðrúnu Helgadóttur
í leikgerð Illuga Jökulssonar
Íslensk fjölskyldusaga fyrir íslenskar fjölskyldur...

HJARTASLAGUR söngleikur eftir Hallgrím Helgason
við 22 þekkt íslensk dægurlög.
Að vera með eða ekki með, diskóið mætir þökinu...

KOMI ÞEIR SEM KOMA VILJA eftir Ásdísi Thoroddsen
Skrattinn hittir ömmu sína...

PUNGUÐ söngleikur eftir Hugleik Dagsson
Hann hittir naglann á höfuðið...

HAMINGJUEYJAN eftir Jacob Hirdwall
Við og það sem við burðumst með...

LYKILATRIÐI eftir Sævar Sigurgeirsson
Lifið á bak við tjöldin...

ÆVI TRÉS eftir Bernd Ogrodnik
Árstíðirnar í lífi okkar...

Að auki...

BAKKYNJURNAR eftir Evripides
Leikritun í sinni upprunalegustu mynd...

STÓRFENGLEG! eftir Peter Quilter
Florence Foster Jenkins, versta söngkona allra tíma og
ameríski draumurinn um frægð og frama...

HJÓNABANDSGLÆPIR eftir Eric-Emmanuel Schmitt
Frönsk leikritun eins og hún gerist best, slungin og
vitræn flétta...

SUMARDAGUR eftir Jon Fosse
DAUÐU HUNDARNIR eftir Jon Fosse
Norsk nútímaleikritun, baráttan við að lifa af í
hvunneginum...

PATREKUR 1,5 eftir Michael Druker
Skondinn raunveruleiki og óvæntar uppkomur...

Frá fyrra ári...

PÉTUR GAUTUR eftir Henrik Ibsen
Listrænn sigur...

FAGNAÐUR eftir Harold Pinter
Eitt skemmtilegasta leikrit nóbelskálðsins á síðari árum.
Samskipti og samskiptaleysi...

ÁTTA KONUR eftir Robert Thomas
í leikgerð Sævars Sigurgeirssonar
Glæpsamlegur gamanleikur með söngvum...

Að utan...

Gestasýningar frá Japan, Póllandi, Danmörku,
Svíþjóð...

Og út...

Þjóðleikhúsið til Færeyja og víðar...?

Hlakkar þú til? Það gerum við...!

Einn vinsælasti útvarpsþáttur Bandaríkjanna sendur út frá Íslandi



A Prairie Home Companion

Þjóðleikhúsið
16. maí kl. 20.00
Miðaverð: 2.800 kr.

Útvarpsþáttastjórnandinn Garrison Keillor er einnig handritshöfundur að nýrri kvikmynd Robert Altman og leikur stórt hlutverk í myndinni.

Út af fyrir sig. Þátturinn hefur verið lengi við lýði, eða frá árinu 1974, og er oftast sendur út frá borginni St. Paul í Minnesota, en á hann hlýða vel á fimmtu milljón manns á hverjum laugardegi. A Prairie Home Companion er sendur út vikulega í tvo tíma í senn, á 570 útvarpsstöðvum, bæði hjá BBC og fleiri alþjóðlegum stöðvum sem og á útvarpsstöðvum Bandaríkjahers og í gegnum gervihnött um Evrópu, Asíu og Kyrrahafið. Eitt af því sem veitir A Prairie Home Companion sérstöðu er að allt efni hans er nær undantekningalaust sent út beint þ.e.a.s. ekkert er tekið upp fyrirfram, og jafnvel upphafs- og lokastefin eru flutt af hljómsveit þáttarins. Þættinum, sem blandar saman tónlist og gríni samhliða öðru efni, stýrir rithöfundurinn Garrison Keillor, Minnesotabúi sem margir þekkja vegna bóka hans um Lake Wobegon. Hann er þekktur rithöfundur í Bandaríkjunum, hefur um árabíl skrifað gamansama pistla í þekktustu dagblöð Bandaríkjanna, svo sem The New Yorker og fleiri blöð, auk þess sem hann er viðurkenndur sem einn af fyndustu ljósvakamiðlamönnum landsins. Garrison Keillor er einnig handritshöfundur að nýrri

kvikmynd Robert Altman og leikur stórt hlutverk í myndinni. Gagnrýnendur höfðu á orði eftir frumsýningu á kvikmyndinni að Altman og Keillor væru „a match made in heaven“. Að þessu sinni verður þátturinn tekinn upp fyrirfram á Listahátíð í Reykjavík, en þess má geta að hann hefur aðeins tvívegis verið tekinn upp utan Bandaríkjanna. Upptakan fer fram í heilu lagi í Þjóðleikhúsinu með lifandi tónlist og fyrir fullum sal gesta. Stjórnendur þáttarins taka með sér til landsins hljómsveit þáttarins, sem og fasta leikara og annað starfsfólk. Íslenskir tónlistarmenn, þeirra á meðal Karlakórinn Fóstbræður undir stjórn Árna Harðarsonar, koma fram sem sérstakir gestir til að kynna land og þjóð. Forsýning á kvikmyndinni A Prairie Home Companion á Íslandi mun fara fram 14. maí í tengslum við þáttinn.

A Prairie Home Companion – kvikmyndin
Forsýning á Íslandi 14. maí kl. 19.00

Nýjasta mynd Robert Altman's forsýnd á Listahátíð

